



Hörð mótmæli við lögreglustöðina Hópur fólks safnaðist saman við lögreglustöðina á Hverfisgötu í gær og krafðist breyttrar málsmeðferðar í kynferðisbrotamálum. Ekki síst vegna frásagna af tveimur mönnum sem ganga lausir þrátt fyrir grun um að þeir hafi nauðgað konum í október. Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri ræddi við mótmælendur. Sjá síðu 6. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tók ljósmyndir fyrir Elle

LÍFIÐ Ljósmyndarinn Kári Sværiss hefur átt góðu gengi að fagna undanfarið. Hann myndaði nýverið myndapætti fyrir tímaritið Elle, víetnömsku útgáfuna og þá króatísku, og einnig hefur breska útgáfa tiskutímaritsins Vouge lýst yfir áhuga á að fá hann til þess að skjóta fyrir sig myndapætt.



Kári myndaði í öðrum þættinum kinnversku fyrir-sætuna Luping Wang sem gengið hefur tiskupallana fyrir Chanel og Burberry auk þess sem hún hefur prýtt síður ýmissa stórra tiskutímarita.

„Elle er náttúrulega stór samsteypa um allan heim og myndirnar fara í alþjóðlegan mynda-banka. Að fá myndir birtar í svona tímariti er heiður myndi ég segja,“ segir Kári sem búsettur er í Þýskalandi.

– gló / sjá síðu 34

Hatursummæli verði rannsökuð til hlítar

Ríkissaksóknari hefur gert lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins að rannsaka hatursummæli átta einstaklinga sem Samtökin '78 kærðu til lögreglunnar.

LÖGREGLUMÁL Ákvarðanir lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins um að rannsaka ekki hatursummæli sem Samtökin '78 kærðu hafa verið felldar úr gildi af ríkissaksóknara.

„Ákvarðanir lögreglustjóra um að rannsaka ekki hatursummæli hafa verið felldar úr gildi í öllum málunum og lögreglustjóra gert að taka málin til rannsókna,“ segir Hulda Elsa Björgvinsdóttir, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara.

Samtökin '78 kærðu ákvörðun lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins um að vísa frá kærnum samtakanna frá 27. apríl í vor. Samtökin töldu að þeir átta einstaklingar sem voru kærðir til embættisins hefðu kynt undir orðræðu sem vó gróflega að rétti hinsegin fólks til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og fyllsta jafnréttis.

Auður Magnús Auðardóttir, framkvæmdastýra Samtakanna '78, segist

Okkur var mjög brugðið þegar lögregla vísaði kærnum frá án nokkurrar rannsókna enda um sérstaklega gróf ummæli að ræða.

Auður Magnús Auðardóttir framkvæmdastýri Samtakanna '78




fegin niðurstöðunni. „Okkur var mjög brugðið þegar lögregla vísaði kærnum frá án nokkurrar rannsókna enda um sérstaklega gróf ummæli að ræða. Við erum afskaplega ánægð með þessa ákvörðun ríkissaksóknara, við sjáum það í rökstuðningi að þar er tekið undir okkar sjónarmið að fullu.“

Ákærusviðið undir stjórn Jóns H.B. Snorrasonar, aðstoðarlögreglustjóra og saksóknara við embættið, tók ákvörðun um að vísa kærnum Samtakanna '78 frá. Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segist ekki geta tjáð sig efnislega um málið. „Það er rétt að fram komi að frá áramótum verður lögð sérstök áhersla á að sporna við hatursglæpum,“ segir hún en Fréttablaðið greindi frá því nýverið að til stæði að setja mannskap í að sporna við glæpum sem þessum í embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. – kbg / sjá síðu 4



GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gjafakort í Borgarleikhúsið er ávísun á einstaka kvöldstund sem aldrei gleymist.



BILLY ELLIOT

80 uppseldar sýningar

★★★★★ „Þrekvirki í íslenskrum sviðslist.“ SJ - Fbl.

★★★★★ „Hér smellur allt saman og skilar sér í stórkostlegri sýningu.“ SBH



MÁVURINN

★★★★★

„Mikið varð þetta fólk allt trúverðugt og dásamlegt og hryllilegt!“ ÞT - Morgunblaðið

★★★★★ „Stórbróttin sýning.“ SJ - Fbl.



borgarleikhus.is

Fréttablaðið í dag

SKOÐUN Rithöfundar fjalla um mál flóttamanna. **17**

SPORT Arnór Atlason gæti verið á heimleið í sumar. **20**

MENNING Þórhildur Örvarsdóttir söngkona segir frá ferli sínum í kvikmyndatónlist í Verkmenntaskólanum á Akureyri. **26**

TÍMAMÓT Frumsýnir stuttmynd á afmælisdaginn. **22**

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • LÍFIÐ

*Samkvæmt prentmiðlökönnum Gallup apríl-júní 2015

Veður



Austan- og suðaustanátt á morgun með skúrum sunnan til, en snjókomu eða slyddu með köflum norðanlands. Hiti 0 til 5 stig, en vægt frost norðan- og austan til. **SJÁ SÍÐU 28**

Meinað að setja mál á dagskrá

HAFNARFJÖRÐUR Forsvarsmenn minnihlutans í bæjarstjórn Hafnarfjarðar saka meirihlutann um að hundska beiðni þeirra um að setja mál á dagskrá bæjarstjórnar. Rósa Guðbjartsdóttir, formaður bæjarráðs Hafnarfjarðar, segir þetta rangt.

Minnihlutinn fór fram á að ræddar yrðu tillögur í fjárhagsáætlun og áhrif þeirra á kjör eldri borgara og starfsemi leik- og grunnskóla. Þær umræður komust ekki á birta dagskrá fyrir bæjarstjórnarfund.

„Það kom beiðni frá minnihlutunum rétt fyrir klukkan fjögur þess efnis að þrjú mál yrðu sett á dagskrá bæjarstjórnar næstkomandi miðvikudag. Á þeim tímapunkti var búið að senda út dagskrá og því ekki hægt að verða við óskum minnihlutans,“ segir Rósa. „Samkvæmt okkar reglum þurfa beiðni sem þessar að hafa komið fyrir klukkan 11 um morguninn, tveimur sólarhringum fyrir bæjarstjórnarfund, til að þær komist á dagskrá.“

Gunnar Axel Axelsson, oddviti Samfylkingarinnar, segir umræður um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn litlar sem engar og vill setja umræður um hana á dagskrá. „Þrátt fyrir rétt kjörinna fulltrúa til að setja mál á dagskrá, hafa forseti bæjarstjórnar og bæjarstjóri ákveðið að virða ekki þann rétt. Tilgangurinn virðist ekki annar en að koma í veg fyrir lýðræðislega umræðu um tillögur þeirra sjálfra,“ segir Gunnar Axel.

Rósa telur hins vegar möguleika á að málin muni verða rædd þrátt fyrir að beiðni hafi borist of seint. „Ég vænti þess þá að þessi mál minnihlutans verði samt sem áður rædd næstkomandi miðvikudag og verði sett inn á dagskrá fundarins með afbrigðum,“ segir Rósa. – sa



Rósa Guðbjartsdóttir

Vegaframkvæmdir í Kraganum



Suðurverk vinnur nú að framlengingu á Arnarnesvegi. Dofri Eysteinnsson, framkvæmdastjóri Suðurverks, segir að framkvæmdir hafi hafist fyrir um hálfum mánuði en séu ekki komnar á fullan skrið. „Þetta fer að skriða áfram. Við eigum eftir að sprengja þarna,“ segir Dofri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skref í átt að sjálfstæði

SPÁNN Þing Katalóníu samþykkti í gær að hefjast handa við gerð undirbúningsáætlunar sem miðaði að því að Katalónía yrði sjálfstætt ríki. Þetta var samþykkt með 72 atkvæðum gegn 63.

Tveir þingmenn, annars vegar úr „Já, hreyfingunni“ og hins vegar úr hinum vinstrisinnaða CUP-flokki stöðu að tillögunni. Þessi tvö stjórnsmálaöfl hlutu meirihluta í kosningum í síðastliðnum septembarmánuði.

Spænska rí

Lætur gervigreind semja Íslendingasögur

Helgi Páll Helgason hefur látið gervigreindarbúnað smíða Íslendingasögur með ágætum árangri. Fikrar sig nú í átt að handritum fyrir Hollywood-myndir og lagasmíðum. Gervigreindin náði stílbrigðum fornsagnanna ágætlega.

VISINDI Helgi Páll Helgason gervigreindarsérfræðingur lét gervigreind semja Íslendingasögur fyrir sig og gaf vini sínum sem tækifærisgjöf. Nýtti hann gervigreindina til að smíða texta í ætt við Íslendingasögur á um níu klukkustundum. „Merkilegt hvað gervigreindin náði góðum tókum á tungumálinu á þessum tíma,“ segir Helgi Páll.

„Það sem ég gerði er að ég tók ákveðna tegund af gervigreind, sem kallast tauganet og líkir eftir því hvernig mannsheilinn vinnur, og þjáfaði hana í gerð Íslendingasagna,“ segir Helgi Páll. „Það eina sem ég geri er að ég mata hana á Íslendingasögum, sem til eru á rafrænu formi, og hún hefst svo handa við að læra gerð textanna til að útbúa nýja texta. Níu klukkustundum síðar hefur hún svo lært allt sem hún telur sig geta lært miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir og hættir.“

Helgi segir þetta ekki vera í fyrsta skipti sem menn noti gervigreind á þennan hátt. Það sem þó sé áhugavert í þessu efni er að þarna býr gervigreindin til það efni sem kemur frá henni. „Þetta er svo sem ekki nýtt af nálinni, þannig séð, að gervigreind búi til tengsl milli gagna sem fara inn og gagna sem fara út. Það sem er hins vegar öðruvísi í þessu tauganeti er að ég kynni til sögunnar efni og netið leyfir sér síðan að vera skapandi á ákveðinn hátt. Þannig erum við á einhvern hátt að fylgjast með draumum gervigreindarinnar.“

Þótt Helgi Páll gefi skáldgáfu gervigreindarinnar ekki mjög háa einkunn fleygir þessari tækni fram í heilbrigðisvísindum til dæmis. Mikil tækifæri séu í notkun tækninnar. „Gervigreindin getur ekki



Helgi segir gervigreindarbúnaðinn hafa náð góðum tókum á málinu á stuttum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

búið til samfelldan söguþráð í gegnum orðin og mér er til efs að nokkrum íslenskufraeðingi þætti mikið til textans koma. Hins vegar var hún afar góð í að læra stílbrigðin og koma honum frá sér,“

segir Helgi Páll. „Síðan erum við farnir að fíkra okkur áfram með lagasmíði og að búa til handrit að bandarískum bíómyndum og verður áhugavert að sjá hvernig til tekst í þeim efnum.“ sveinn@frettabladid.is

Orti ljóð

Hér má lesa fyrsta ljóðið sem ort var eftir skamma stund og litla yfirlagu þeirra texta sem búnaðinum var gefinn í upphafi.

Gæðar má mín oss þann er þar græs karlmennsku, tóku þeim lítil harða þrælar sinni auðskúga herk kvenir létum, nokkur enda stárja rétt úl aðstundu grisú gverk, tveggja, orð hausa þér, fryls beiddi verk heiðan.



Sköpun gervigreindarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gildir til 30. nóv. 2015

15%
afsláttur af öllum pakkningastærðum af Nicorette Quickmist

Lækkaðu lyfjakostnaðinn

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI 533 6100
LYFJAVER.IS

LYFJAVER

Opíó mán-fös 8.30-18 og lau 10-14
APÓTEK + LYFJASKÖMMTUN



G-TEC FYRIR NÁTTÚRUNA OG VESKIÐ

ŠKODA Octavia G-TEC verð frá 3.390.000 kr.



Pú kemst lengra en borgar minna

Ef skynsemin réði værum við öll á **ŠKODA Octavia G-TEC**. Í honum samvinnast feegurð, kraftur og virðing fyrir umhverfinu. **G-TEC** sameinar kosti metans og bensíns; þú nýtir íslenska orku og lækkar eldsneytiskostnað um allt að 35%. Með metantank og 50 lítra bensíntank kemstu ótrúlega langt án þess að fylla á og svo færðu líka frítt í staði. Komdu og reynsluaktu **ŠKODA Octavia G-TEC**.



Vonast eftir niðurstöðu fyrir næstu mánaðamót

KJARAMÁL Stefna stjórnar og trúnaðarráðs Verkalýðsfélags Akraness á hendur SALEK-hópnum var í gær afhent forseta Félagsdóms. Í dag eða á morgun verði skorið úr um hvort á henni sé einhverjir annmarkar, segir Vilhjálmur Birgisson, formaður verkalýðsfélagsins, og hún í kjölfarið birt þeim sem í hlut eigi. Hann vonast eftir niðurstöðu Félagsdóms fyrir mánaðamót.

Upplagg stefnunnar er að með SALEK-samkomulaginu hafi samningsfrelsi einstakra verkalýðsfélaga



Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness

verið skert. Þessu hafnar Alþýðusamband Íslands, en áréttað er á vef sambandsins að ekkert í samkomulaginu hróflí við ákvæðum vinnulöggjafarinnar um samningsrétt einstakra stéttarféлага. Markmið

samkomulagsins sé að auka kaupmátt á grundvelli lágrar verðbólgu, lágra vaxta og stöðugs gengis. „Á hinum Norðurlöndunum hefur tekist að auka kaupmátt tvisvar sinnum meira á ári síðustu 15 árin en hér á landi,“ segir þar.

Vilhjálmur segir að hið eiginlega höfrungahlaup sem koma þurfi í veg fyrir á vinnumarkaði sé þegar prósentuhækkunar gangi upp allan launastiga stéttarféлага, fremur en að allir fái sömu krónutöluhækkun á laun sín. – óka



Frá undirritun SALEK-samkomulagsins í lok október. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

Lögreglan rannsaki hatursummæli

Ríkissaksóknari gerir lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins að rannsaka hatursummæli sem átta einstaklingar létu falla. Hluti þeirra féll í útvarpsþætti í umsjón Péturs Gunnlaugssonar útvarpsmanns á Útvarpi Sögu og á lokaða vefsvæðinu Barnaskjólí á Facebook.

SAKAMÁL „Ákvarðanir lögreglustjóra um að rannsaka ekki hatursummæli hafa verið felldar úr gildi í öllum málunum og lögreglustjóra gert að taka málin til rannsókna,“ segir Hulda Elsa Björgvinsdóttir, saksóknari hjá embætti ríkissaksóknara.

Samtökin '78 kærðu ákvörðun lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins um að vísa frá kærnum samtakanna frá 27. apríl í vor. Þeir átta einstaklingar sem voru kærðir til embættisins töldu samtökin hafa kynt undir orðræðu sem vó gróflega að rétti hinsegin fólks til friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og fyllsta jafnréttis.

„Þetta hefur mikla þýðingu, en með afstöðu sinni hefur ríkissaksóknari tekið undir það sjónarmið að það sé nauðsynlegt að rannsaka þurfi hvort ummælin séu refsiverð,“ segir Björg Valgeirsdóttir, lögmaður hjá DIKA lögmonnum, sem farið hefur með kærnumálin fyrir hönd Samtakanna '78. „Ummælin eru sérstaklega gróf að mati samtakanna og til þess fallin að veða að rétti og öryggi hinsegin fólks.“

Björg segir enn fremur mikilvægt að dómstólar eigi síðasta orðið um það hvernig skuli fara með meint brot af þessum toga. „Nú er mælt til þess af hálfu ríkissaksóknara að teknar verði skýrslur af öllum kærðu og við biðum þess að málinu vindi áfram.“

Auður Magnús Auðardóttir, framkvæmdastýra Samtakanna '78, segist fegin niðurstöðunni. „Okkur var mjög brugðið þegar lögregla vísaði kærnum frá án nokkurrar rannsóknar enda um sérstaklega gróf ummæli að ræða. Við erum afskaplega ánægð með þessa ákvörðun ríkissaksóknara, við sjáum það í rökstuðningi að þar er tekið undir okkar sjónarmið að fullu.“

Nú er mælt til þess af hálfu ríkissaksóknara að teknar verði skýrslur af öllum kærðu og við biðum þess að málinu vindi áfram.

Björg Valgeirsdóttir
DIKA lögmonnum

Ákærsviðið undir stjórn Jóns H.B. Snorrasonar, aðstoðarlögreglustjóra og saksóknara við embættið, tók ákvörðun um að vísa kærnum Samtakanna '78 frá. Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, segist ekki geta tjáð sig efnislega um málið. „Það er rétt að fram komi að frá áramótum verður lögd sérstök áhersla á að sporna við hatursglæpum,“ segir hún en Fréttablaðið greindi frá því nýverið að til stæði að setja mannskap í að sporna við glæpum sem þessum í embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu.

Í röksemdafærslu sinni vísar ríkissaksóknari í ákvæði um vernd tjáningarfrelsisins í stjórnaskrá og mannréttindasáttmála Evrópu. Þar greini að takmarkanir á tjáningarfrelsinu séu heimil, enda sé mælt fyrir slíkum takmörkunum í lögum og þær nauðsynlegar í lýðræðislegu þjóðfélagi. Frelsin verði að vera hægt að setja skorður vegna tillits til hagsmuna annarra einstaklinga. Þá vísar ríkissaksóknari í almenn hegningarlög og minnir á að það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum að hæðast opinberlega að, rögræra, smána



Auður Magnús og Björg segja niðurstöðu ríkissaksóknara áfangasigur. Auður segir að sér hafi verið brugðið þegar lögreglustjóri vísaði kærnum frá fyrir í haust án nokkurrar rannsóknar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

eða ógna manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu vegna þjóðernis, litarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar eða breiða slíkt út.

Kærð hatursummæli voru birt í Fréttablaðinu og á visir.is 7. október. Við vefleit kemur í ljós að hluti þeirra féll á lokaða vefsvæðinu Barnaskjólí á Facebook sem hét

áður Verndum börnin. Ríkissaksóknari bendir á að einnig geti verið refsiverð tilvik þar sem ólög-mætri tjáningu er komið á framfæri við hóp manna á lokuðu vefsvæði en hluti ummælnanna sem voru kærð féll á slíkum vefsvæðum.

Þá féllu kærð ummæli í útvarpsþætti á Útvarpi Sögu í kjölfar til-lögu fulltrúa Samfylkingar við bæjarstjórn um að fara ætti í átak

í eflingu hinsegin fræðslu og ráðgjafar í grunnskólum Hafnarfjarðar og leita skyldi til Samtakanna '78 um fræðsluna. Þann 17. apríl stóð Útvarp Saga fyrir könnun á vefsíðu sinni sem bar yfirskriftina: Á að kenna hinsegin fræðslu í grunnskólum? Í kjölfarið ræddi þáttarstjórnandinn Pétur Gunnlaugsson á Útvarpi Sögu við hlustendur um málefnið. kristjanabjorg@frettabladid.is

Hlýnun komin í eins stigs markið

BRETLAND Breska veðurstofan fullyrðir að hitastigið árið 2015 verði meira en einu stigi yfir meðaltalshita árána 1850-1990. Þar með er eins stigs hlýnun í fyrsta sinn náð.

Á loftslagsráðstefnum Sameinuðu þjóðanna hefur verið gengið út frá því að hækki hitastigið um tvær gráður frá því sem það hafði verið árin fyrir 1990, þá sé hættulegum þröskuldi náð. Þess vegna verði að stefna að því að stöðva hlýnun jarðar eða hægja nægilega mikið á henni áður en þessu tveggja stiga marki er náð.

Að sögn bresku veðurstofunnar hefur hitastigið fyrstu níu mánuði ársins verið 1,02 stigum yfir þessu viðmiðunarméðaltali. Allar líkur standi því til þess að árið í heild verði yfir eins stigs markinu.

Auk almennrar loftslagshlýnunar á veðurfrirbrigðið El Niño, sem er óvenju sterkt þetta árið, sinn þátt í að þessu marki verður náð.

Frá þessu er skýrt á fréttasíðum BBC og þar jafnframt fullyrt að þessar upplýsingar verði til þess að auka enn



Mengunin í Kína hefur náð nýjum hæðum undanfarna daga, en útblástur gróðurhúsalofttegunda á stóran þátt í hættulega hraðri hlýnun andrúmsloftsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

frekar á nauðsyn þess að samkomulag um aðgerðir takist á loftslagsráðstefnunni í París, sem hefst nú í lok mánaðarins.

Þar er einnig haft eftir Miles Allen,

prófessor við Oxford-háskóla, að nákvæmlega hvenær eins stigs markinu er náð skipti ekki öllu máli, heldur sé það heildarþróunin sem horfa þurfi á. – gb

Dekk Dekk
Niðsterk dekk sem hentar vel í öllum aðstæðum

Dekkin eru öll míkrokorin

Stærð	Negld	Vetrar	Heilsárs pr.stk
175/70 13"	11.900,-	9.990,-	9000,-
185/65 14"	12.990,-	10.990,-	10.990,-
185/60 15"	14.990,-	12.990,-	12.990,-
185/65 15"	14.990,-	12.990,-	11.990,-
205/55 16"	16.990,-	14.990,-	13.990,-
215/55 16"	18.990,-	16.990,-	16.990,-
225/45 17"	19.990,-	19.990,-	---
195/70 C 15"	18.900,-	---	---
205/65 C 16"	19.900,-	---	---

Oppl 8-17 mán.-föst. 10-14 laugardag. Njarðarbraut 11 Reykjanæsbæ sími 421 1251

Bílastofan
Dekkjaverkstæði



LG
Life's Good

ULTRA HD
HÁSKERPU
SJÓNVÖRPU



TILBOÐ

49"

199.990

FULLT VERÐ 249.990

TILBOÐ

55"

239.990

FULLT VERÐ 299.990

TILBOÐ

65"

369.990

FULLT VERÐ 499.990



LG 49/55/65UF800

Smart IPS LED sjónvarp með Ultra HD 4K 3840 x 2160p upplausn og 1500Hz PMI. Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun. Triple XD Engine / Ultra Clarity Index. ULTRA Luminance / Tru Black Control. Real Cinema 24p. Quad-Core örgjörvi. webOS 2.0 - opinn netvafi. Þráðlaus Wi-Fi móttakari. LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct. apt-X Bluetooth. Sound Sync Wireless. 4K HEVC þjöppun. Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari. Gerfihnattamóttakari. 2 x USB 2.0 og USB 3.0. 3 x HDMI tengi. App fyrir Apple og Android síma / spjaldtölvur. Magic Remote fjarstýring fylgir.

Sound Designed by
harman/kardon

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



LG

Life's Good



Yfir 60 fyrirtæki minnka losun

UMHVERFISMÁL Rúmlega sextíu fyrirtæki munu skuldbinda sig til að setja sér markmið í loftslagsmálum og fylgja þeim eftir með aðgerðum sem miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og minnka myndun úrgangs.

Þau skrifa undir yfirlýsingu þessa efnis í Höfða á mánudag og enn bætist í þann hóp, segir í yfirlýsingu frá Reykjavíkurborg.

Í hópi þeirra fyrirtækja sem ætla með yfirlýsingu og aðgerðum að minnka umhverfisspor sitt eru flest stærstu fyrirtæki landsins og stórar stofnanir eins og háskólarnir. Áhrif þessa sameiginlega átaks geta því orðið umtalsverð, er mat aðstandenda.

Reykjavíkurborg og Festa, miðstöð um samfélagsábyrgð fyrirtækja, halda utan um verkefnið og var aðildarfyrirtækjum Festu, stofnunum og fyrirtækjum Reykjavíkurborgar og 300 stærstu fyrirtækjum á Íslandi boðin þátttaka í verkefninu og hafa þau frest til og með 10. nóvember til að skrá sig. – **shá**

Kröfðust réttlátara samfélags



Ungt fólk undirbýr kröfugöngu sem fram fór í Washington í gær. Ungu fólkíð krafðist þess að lögreglan léti af ofbeldi í garð minnihlutahópa og mál-fnum innflytjenda yrði sýndur meiri skilningur. Þá var þess krafist að aukin áhersla yrði lögð á umhverfisvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Segir ekki refsivert að eiga tæki og tól

Yfirlögfræðingur lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu segir farbanni sjaldnast beitt gegn íslenskum ríkisborgurum. Tveir menn sem grunaðir eru um kynferðisbrot eru taldir vera farnir úr landi. Yfirlögfræðingurinn segir það ekki refsivert eitt og sér að eiga tæki og tól.

LÖGREGLUMÁL Hart var sótt að lög-reglu á samfélagsmiðlum vegna for-síðufréttar Fréttablaðsins í gær um tvö kynferðisafbrotamál sem lög-reglan hefur til rannsóknar. Greint var frá því að lögreglan á höfuð-borgarsvæðinu hefði gert hús-leit í íbúð í Hlíðunum sem annar meintur gerandinn í málinu hefur til umráða.

Fréttablaðið greindi frá árásum fyrir helgi, en þær eiga báðar að hafa átt sér stað í október. Tveir karlar eru grunaðir um árásirnar. Annar er á fertugsaldri og stundar nám við frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík, þar sem fórnarlömb árásanna stunda bæði nám. Honum hefur verið vikið tímabundið frá skólanum. Hinn er á svipuðum aldri og er starfsmaður á hótelinu Reykjavík Marina. Hann hefur verið sendur í leyfi á meðan á rannsókn stendur.

Tvær kærur hafa verið lagðar fram í málinu.

Ekki var farið fram á gæsluvarð-hald yfir mönnunum og mættu hundruð manns fyrir framan Lög-reglustöðina við Hverfisgötu í því skyni að mótmæla því, sem og aðgerðaleyfi yfirvalda í kynferðis-brotamálum.

Fjöldi fólks steig í pontu og sagði sögur af eigin reynslu af viðbrögð-um lögreglu vegna kynferðisbrotamála.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lög-reglustjóri höfuðborgarsvæðisins, ávarpaði hópinn og sagði að lögreglan myndi gera sitt besta til að gera betur. Lögreglustjórinn fékk ekki góðar móttökur hjá mótmælendum sem þúudu og hrópuðu margir að það væri greinilega ekki nóg.

„Mér fannst þetta alveg magnað. Ég dáist að öllu þessu unga folki sem tjáði sig,“ segir Oddný Arnars-

dóttir, skipuleggjandi mótmæl-anna. „Ég fór og ræddi aðeins við lögreglustjórann sem sagði meðal annars að henni þætti leiðinlegt að þetta væri það fyrsta sem kæmi út eftir að ný kynferðisbrotadeild væri stofnuð,“ segir Oddný og bætir við að frétt Fréttablaðsins í gær hafi aðeins verið enn ein fréttin um van-hæfi og getuleysi yfirvalda í því að taka þessi mál föstum tökum.

Í Fréttablaðinu í gær var greint frá því að árásirnar hefðu verið hrotta-legal og íbúðin hefði verið búin tækjum til að beita ofbeldi. Alda Hrönn Jóhannsdóttir, yfirlögfræð-ingur á skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu

matskennt hugtak sem og önnur hugtök sem maður hefur séð í dag, til dæmis hugtakið raðnauðganir,“ segir Alda og bætir við að hún von-ist til þess að umræðan muni koma til með að bæta kerfið.

Alda vill ekki gefa það upp hvað nákvæmlega hafi verið lagt hald

Við haldleggjum það sem við teljum ástæðu til við húsleitir og gæti verið notað sem sönnunargögn í málinu.

Alda Hrönn Jóhannsdóttir, yfirlögfræð-ingur á skrifstofu lögreglustjórans á höfuðborgar-svæðinu



á við húsleit í íbúðinni. „Við haldleggjum það sem við teljum ástæðu til við húsleitir og gæti verið notað sem sönnunargögn í málinu.“

Hún segir enga afstöðu hafa verið tekna til þess hvort gerð hafi verið mistök þegar ekki var farið fram á gæsluvarðhald yfir mönnunum. „Við erum að rýna í það.“

Á mótmælunum voru margir reiðir yfir því að báðir meintir gerendur væru farnir úr landi en samkvæmt heimildum Vísis er það raunin. „Af hverju var þá ekki allavega farið fram á farbann?“ hrópaði einn mótmælendinn við göðar undirtektr.

Að sögn Öldu er farbanni sjaldnast beitt á íslenska ríkisborgara. „Við erum þó aðilar að alþjóða-sáttmála sem gerir það að verkum að við getum fengið íslenska ríkis-borgara framselda vegna ætlaðra glæpa.“ **nadine@frettabladid.is**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Roð- og beinlaus

1.298
kr. kg

Norðanfiskur Ýsubitar
Roð- og beinlausir, frosnir

Gjafakort Bónus

Gjöf sem kemur að góðum notum fyrir alla

Gjafakortið fæst til afgreiðslu í öllum verslunum Bónus



BÓNUS

EKKERT BRUÐL!

Ford Fiesta er
mest seldi smábíll Evrópu



Nýi besti vinur þinn?

➤ **Ford Fiesta frá 2.390.000 kr.**

5 dyra • MyKey • Fáanlegur með vél ársins (International Engine of the Year) þrjú ár í röð • Hiti í framsætum • 3,5 tommu upplýsingaskjár • AUX og USB tengi • Fær frítt í staði í miðborg Reykjavíkur • Samlitaðir stuðarar Rafdrifnir og upphitanlegir hliðarspeglar • Tvískipt niðurfellanleg aftursæti 60/40 • Samlituð vindskeið • 6 hátalarar • Einstaklega rúmt farangursrými (290 lítra) • Frábær í endursölu • Start Stop spartækni • Brekkuaðstoð Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna Samlitaðir hliðarspeglar • EasyFuel • ESP stöðugleikastýrikerfi með spólvörn Ofnæmisprófuð efni í innréttingu • Fáanlegur sjálfskiptur á frábæru verði 5 stjörnu öryggi • Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns.



20 ára afmæli
Ford
hjá Brimborg

Í tilefni 20 ára afmælis Ford hjá Brimborg fylgja ný **Nokian vetrardekk að verðmæti 108.000 kr.** öllum nýjum Ford Fiesta í nóvember. Þú færð bílinn á vetrardekkjum og sumardekkjin í skottið. Nýttu tækifærið.

Glæsilegur staðalbúnaður
Komdu og prófaðu mest selda smábíll Evrópu



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söluveildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

ford.is

Ford Fiesta, bensín 65 hð/EcoBoost 100 hð, beinskíptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. CO₂ 99 g/km.

Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hð, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. CO₂ 114 g/km.

Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

NORÐURLÖNDIN



Ólögleg samvinna við skattayfirvöld

1 DANMÖRK Danska öryggislögreglan hefur í að minnsta kosti níu ár fengið ólöglega upplýsingar frá skattayfirvöldum um flugferðir danskra ríkisborgara. Þingmenn Frjálslynda bandalagsins vilja að hryðjuverkalögin verði rannsökuð. Samkvæmt frumvarpi dómsmálaráðherra Danmerkur, Sörens Pind, sem lagt var fram í október á öryggislögreglan að fá aðgang að upplýsingum um bókanir og farþega. Danski þjóðarflokkurinn styður frumvarpið.

Vara við hunangsgildrum Rússa

2 NOREGUR Norska öryggislögreglan varar Norðmenn við svokölluðum hunangsgildrum rússnesku leyniþjónustunnar. Norðmönnum, sem ferðast hafa til Rússlands í viðskiptaerindum, og norskum stjórnmalámonnum hefur verið boðið vodka og kynlíf. Síðan hafa þeir verið beittir þrýstingi og þeim hótad að komið verði upp um hið ljúfa líf þeirra í Rússlandi. Blaðafulltrúi rússneska sendiráðsins vísar þessum fullyrðingum á bug og segir þær lygi.


Dreifa áróðri til flóttamanna



3 SVÍÞJÓÐ Svíþjóðardemókratar dreifa nú, ásamt tvennum öðrum samtökum, ritum á grísku eyrni Lesbos og um tuttugu öðrum stöðum í Evrópu þar sem flóttamönnum er bent á ókosti þess að koma til Svíþjóðar. Dómsmála- og innflytjendaráðherra Svíþjóðar, Morgan Johansson, segir farið með ósannindi í dreifiritunum. Slíkt eigi stjórnmaláflokkur ekki að gera. Svíþjóðardemókratar hiki ekki við að ljúga í áróðri sínum.

Jóla ljósín fást í Hagkaup

Mesta úrvallid er í Kringlunni, Smáralind, Skreifunni og Garðabæ. Minna úrval í öðrum verslunum.



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



Stuðningsmenn Aung San Suu Kyi fögnuðu ákaft í gær, þótt endanlegar tölur væru ekki komnar. NORDICPHOTOS/AFP

Sannfærð um kosningasigur

Fyrstu tölur kosninga bentu til þess að mikill meirihluti þingsæta í Búrma kæmi í hlut flokks Suu Kyi.

BÚRMA Stórsigur Lýðræðisfylkingarinnar í Búrma, sem einnig er nefnt Mjanmar, virtist í gær nokkuð augljós, þótt enn væri ekki búið að birta tölur úr öllum kjördæmum.

Kjörstjórn fór sér hægt í gær og birti tölurnar í smáum skömmtum með nokkurra klukkutíma milli-bili. Haldi þessi hægagangur áfram liggja endanleg úrslit ekki fyrir fyrr en eftir nokkra daga.

„Við fengum yfir 70 prósent á landsvísi,“ fullyrta U Win Htein, einn af forystumönnum Lýðræðisfylkingarinnar, þrátt fyrir að úrslitin væru ekki í höfn. „Við getum sagt þetta vera stórsigur.“

Nóbelsverðlaunahafinn Aung San Suu Kyi, leiðtogi flokksins, fengi þar með tækifæri til þess að gera miklar breytingar á stjórnmalum í Búrma, en hún hefur áratugum saman barist fyrir lýðræðisumbótum í þessu einangraða herstjórnarríki.

Sjálf fór hún varlega í yfirlýsingarnar í gær, en sagði kjósendur vera búna að átta sig á úrslitunum: „Þeir

sem tapa þurfa að takast á við tapið af hugrekki og stillingu, en sigurvegarinn þarf að sýna auðmýkt og göfuglyndi.“

Síðdegis í gær lá fyrir að Lýðræðisfylkingin hefði fengið langflest þingsætin í þeim kjördæmum, sem búið var að telja í – eða 50 þingsæti af 52. Einungis tvö komu í hlut stjórnarflokksins, sem nýtur stuðnings hersins.

Kosið var um 330 þingsæti af 440 í neðri deild þingsins og 168 af 224 sætum í efri deildinni. Ekki er því kosið um 25 prósent þingsætanna, sem sjálfkrafa koma í hlut hersins.

Þetta þýðir líka að Lýðræðisfylkingin þarf að fá 67 prósent þeirra þingsæta, sem kosið er um, til að ná meirihluta og þar með geta tekið við stjórn landsins af herforingjastjórninni, sem hefur ráðið þar áratugum saman.

Mikil óvissa ríkir hins vegar um framhaldið, hvort sem herinn missir meirihlutann eða ekki. gudsteinn@frettabladid.is

SIEMENS

Þvottavél

WM 14K267DN

Tekur mest 7 kg.

Með íslensku stjórnborði og íslenskum leiðarvísi.

1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++.

15 mín. hraðþvottakerfi.

Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðláta („antiVibration Design“).

Sjálfhreinsandi þvottaefnishólf.

Tilboðsverð:

87.900 kr.

Fullt verð: 109.900 kr.



Ariel fljótandi þvottaefni fylgir með öllum Siemens þvottavélum.



SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Endurbótalan er að sliga Dómkirkjuna

Verðtryggt 110 milljóna króna lán vegna endurbóta á Dómkirkjunni rétt fyrir aldamót er mjög íþyngjandi fyrir söfnuðinn, segja prestur og formaður sóknarnefndar, og biðja Alþingi um að tvöfalda upphæðina sem ríkissjóður borgar nú þegar vegna afborgana af láninu.

TRÚFÉLÖG Séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur og Marinó Þorsteinsson, formaður sóknarnefndar, segja söfnuðinn ekki standa undir afborgunum af láni sem tekið var vegna endurbóta á kirkjunni og biðja fjárlaganefnd Alþingis um aukioð framlag.

Fram kemur í bréfi Hjálmars og Marinós til fjárlaganefndar að umfangsmiklar endurbætur sem gerðar voru á Dómkirkjunni á árunum 1999 og 2000 hafi kostað 210 milljónir króna. Meðal annars var skipt út dönskum tígulsteinum fyrir íslenskan grástein á þeim hluta kirkjunnar sem stækkaður var árin 1846 og 1847.

„Fjármögnun að hálfu, um það bil 100 milljónir króna, var sparnaður af hálfu safnaðarins, gjafafé og nokkur opinber framlög. Eftirstöðvarnar, sirka 110 milljónir, voru teknar að láni hjá SPRON. Lánið er verðtryggt, með veði í safnaðarheimilinu, Lækjargötu 14a (Íðn- aðarmannafélagshúsinu),“ rekja Hjálmar og Marinó í bréfi sínu.

Fram kemur að Alþingi hafi samþykkt að ríkissjóður borgaði 5 milljónir króna í láninu á hverju ári og að sú greiðsla myndi hækka í takt við lánskjaravísitölu. Framlagioð hafi þó verið skorið niður og sé 4,7 milljónir á þessu ári.

„Nú er svo komið að lán þetta er orðið mjög íþyngjandi fyrir söfnuðinn,“ skrifa Hjálmar og Marinó.

Ekki er okkur kunnugt um að endurreisn dómkirkna meðal þjóðanna í okkar heimshluta sé greiddur af söfnuði kirkjunnar meðal einnar kynslóðar.

Hjálmar Jónsson sóknarprestur og Marinó Þorsteinsson, formaður sóknarnefndar Dómkirkjunnar í Reykjavík



„Sóknargjöld hafa dregist verulega saman bæði vegna skerðingar og einnig vegna fækkunar sóknarbarna. Alltaf hefur þó verið staðið í skilum en þó þurfti að lengja í láninu fyrir nokkrum árum. Þetta tókst með því að skera svo verulega niður í safnaðarstarfinu að orðið er alls óviðunandi fyrir dómkirkju landsins.“

Undanfarin ár hefur Dómkirkjan verið rekin með halla, segja Hjálmar



Danskur tígulsteinn sem notaður var í stækkun Dómkirkjunnar um miðja nítjándu öld veðradist illa og var skipt út fyrir grágrýti fyrir um fimmtán árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

og Marinó. Nú sé ekki lengur hægt að standa í skilum með lánið og ekki fyrir séð hvernig halda eigi safnaðarstarfinu uppi. Dómkirkjan sé ekki aðeins sóknarkirkja tæplega fjögur

þúsund manna, heldur einnig kirkja biskups, Alþingis og þjóðarinnar allrar.

„Ekki er okkur kunnugt um að endurreisn dómkirkna meðal þjóð-

anna í okkar heimshluta sé greidd af söfnuði kirkjunnar meðal einnar kynslóðar,“ undirstrika þeir séra Hjálmar og Marinó sóknarnefndarformaður. gar@frettabladid.is

Hluthafafundur í Vátryggingafélagi Íslands hf



Stjórn Vátryggingafélags Íslands hf. hefur í tilkynningum til aðalmarkaðar Kauphallar Íslands þann 14. október og 2. nóvember sl. boðað til hluthafafundar í félaginu og verður hann haldinn í höfuðstöðvum félagsins að Ármúla 3, 108 Reykjavík, í dag, þriðjudaginn 10. nóvember 2015. Hann hefst stundvíslega kl. 16:00. Hluthafar og umboðsmenn geta skráð sig inn á hluthafafundinn á fundarstað frá kl. 15:30 á fundardegi. Fundargögn verða afhent á fundarstað.

Dagskrá fundarins er svohljóðandi:

- 1. Kosning stjórnar og tveggja varamanna.
- 2. Önnur mál.

Hluthafa er heimilt að sækja fund ásamt ráðgjafa, sem hvorki hefur málfrelsi, tillögur né atkvæðisrétt. Hluthafa er þó heimilt að gefa ráðgjafa sínum orðið fyrir sína hönd. Einnig getur hluthafi falið umboðsmanni sínum að sækja fyrir sig fund og skal hann þá leggja fram skriflegt og dagsett umboð. Mælst er til þess að notað sé umboðseyðublað sem finna má á fjárfestasiðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar.

Stjórn barst krafa um margfeldiskosningu innan tilskilins frests frá hluthöfum sem hafa yfir að ráða meira en 10% hlutafjár, sbr. 7. mgr. 63. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995. Margfeldiskosningu verður því beitt við stjórnarkjörið. Vakin er athygli á ákvæðum 15. gr. samþykktu félagsins um stjórnarkjör þar sem fjallað er um kynjakvóta.

Hluthafafundur er lögmaður án tillits til fundarsóknar ef hann er löglega boðaður.

Nánari upplýsingar um réttindi hluthafa á hluthafafundi má finna á vefsíðu félagsins, www.vis.is/fjarfestar.

Veidigjöld skiluðu ríkinu 7,7 milljörðum í tekjur

FJÁRMÁL Álögð veiðigjöld vegna fiskveiðiársins 2014/2015 nema 7,7 milljörðum króna, segir í frétt Fiskistofu. Veiðigjöld fiskveiðiársins á undan voru 9,2 milljarðar króna.

Þar sem árlegar breytingar hafa verið á reglum um álagningu veiðigjalda er erfitt að gera nákvæman samanburð á veiðigjöldum á milli ára, að sögn Fiskistofu. Álagt almennt veiðigjald nam svipaðri upphæð bæði fiskveiðiárin 2013/2014 og 2014/2015, eða 4,4 til 4,6 milljörðum króna.

Helstu skýringar á muninum á milli ára að þessu sinni liggja í því



Veidigjöld gáfu 1,5 milljörðum minna en árið áður. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

að um milljarði minna er lagt á í sérstök veiðigjöld vegna uppsjávarveiða annars vegar og vegna botn- og skelfiskveiða hins vegar. - **shá**

Eigendur VW fá gjafabréf

BANDARÍKIN Volkswagen í Bandaríkjunum hefur boðið viðskiptavinum sem keyptu dísilbíla með svindlbúnaði 1.000 dali í formi gjafabréfs eða ávísunar.

Það samsvarar um 130 þúsund krónum. Þá er þeim sem hafa átt slíka bíla í þrjú ár einnig boðin ókeypis vegaaðstoð.

Eigendur Audi, sem svipað er ástatt fyrir, munu fá slíkt boð á föstudaginn. - **jhh**

Leita íslenskra söngvara

REYKJAVÍK Vikuna 23. til 29. nóvember fara fram áheyrnarprufur og vinnustofa á vegum fyrirtækisins New York International Opera Auditions, eða NYIOP.

Þar eiga íslenskir klassískt menntaðir söngvarar kost á því að flytja verk sín fyrir erindreka erlendra óperuhúsa sem leita að söngvurum.

Sjálfur stofnandi og framkvæmdastjóri NYIOP, David Blackburn, er væntanlegur til landsins ásamt hópi undirleikara og þjálfara sem starfa við óperuhús í Evrópu og Bandaríkjunum. Blackburn stofnaði NYIOP árið 2002 en hann er einnig stofnandi og framkvæmdastjóri Accademia Della Lirica.

Meðal þeirra sem fylgja Blackburn til landsins eru Paul Plummer frá Scottish Opera, Piero Cassano frá Teatro Petruzzelli of Bari, Sarah Tysman frá The Salzburg Festival og Valentina Farcas óperusöngkona.

Þeir söngvarar sem hafa áhuga á að spreyta sig á áheyrnarprufunum geta skráð sig á accademiadellalirica.com. - **gló**

Finnið og sjáið að Drottinn er góður, sæll er sá maður sem leitar hælís hjá honum...

www.versdagins.is

KREDITKORT



Í BETRI STOFUNNI

Njóttu ferðalagsins með Business og Premium Icelandair American Express®. Þú getur slakað á í betri stofunni í Leifsstöð þegar þú flýgur með áætlunarflugi Icelandair.



Kynntu þér kostina á kreditkort.is



Kortid sem kemur þér út



/// **Fáir fá meðferð og biðin er löng** Fjórðungur þeirra sem glíma við geðraskanir fær meðferð* **24%**

76%

Engin meðferð

» 2/3 þeirra sem fengu meðferð voru búnir að vera á biðlista lengur en í sex mánuði.

Önnur meðferð

Hafa hitt geðlækni eða sálfræðing
Hugræn atferlismeðferð
Einungis lyfjameðferð

Dýrt að veita geðfötluðum ekki meðferð

Stór hluti sjúklinga og öryrkja glímur við geðraskanir. Eingöngu fjórðungur fær einhverja meðferð við kvillum sínum og aðeins fimm prósent fá bestu mögulegu meðferðina. Sálfræðingur segir að hægt sé að spara mikið fé og vanliðan með því að auka aðgengi og hjálpa fólki.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

HEILBRIGÐISMÁL Um helmingur þeirra sem glíma við sjúkdóma glímur við geðraskanir og enginn sjúkdómsflokkur er með meiri sjúkdómsbyrði í heilbrigðiskerfinu. Þrátt fyrir þetta fer eingöngu brot af heildarútgjöldum heilbrigðiskerfisins í geðheilbrigði. Í doktorsritgerð Hafrúnar Kristjánsdóttur kemur fram að þeir peningar

sem settir eru í gagnreynda meðferð við þunglyndi og kvíða, komi beint til baka í ríkissjóð og rúmlega það.

Rannsóknin fjallar um leiðir til að auka aðgengi að sálfræðimeðferð. „Besta mögulega meðferðin er ekki dýr. Í flestum tilfellum er hugræn atferlismeðferð árangursríkasta meðferðin,“ segir Hafrún. „Talið er að eingöngu fjórðungur þeirra sem þjást af þunglyndi og kvíða fái einhverja meðferð en einungis fimm prósent fái þá meðferð sem er talin árangursríkust.

Til samanburðar fá 80 til 90 prósent þeirra sem eiga við líkamlega sjúkdóma að stríða meðferð og þar er biðtíminn mun styttri. Þetta finnst mér ótrúleg mismunur.“

Í rannsókninni skoðaði Hafrún hópmeðferð á heilsugæslunni við þunglyndi og kvíða. Boðið var upp á meðferðina á fimm heilsugæslustöðvum. Árangurinn reyndist góður og meðferðin hentaði vel á heilsugæslustöðvum enda aðgengi gott.

„En eftir sjö ára árangursrannsókn,

Við getum hreinlega sparað pening með því að hjálpa fólki. Þar má nefna færri veikindadaga, minnkuð útgjöld vegna örorkubóta, auknar skattgreiðslur, meiri framleiðni og verg landsframleiðsla hækkar.

Hafrún
Kristjánsdóttir
sálfræðingur



sem sýndi mjög jákvæðar niðurstöður, var ákveðið að bjóða upp á meðferðina á aðeins einni heilsugæslustöð. Á sama tíma sýna niðurstöðurnar að ef meðferðin verður til þess að einn af hverjum þúsund helst lengur á vinnu- markaði eða endar ekki á örorku, þá sé meðferðin búin að borga sig upp.“

Nýlega voru kynntar tillögur velferðarráðuneytisins í geðheilbrigðismálum. Þar er sérstakur liður um að aðgengi verði að sálfræðingum á heilsugæslustöðvum. „Það á að deila átta sálfræðingum niður á allar heilsugæslustöðvar landsins. Þetta er vissulega viðleitni en það þarf svo mikið meira.“

Hafrún bendir á að með því að setja meiri peninga í málaflokkinn sé hægt að koma í veg fyrir mikla vanliðan en einnig sé hægt að spara mikið fjármagn. Árið 2000 var beinn og óbeinn kostnaður vegna þunglyndis á Íslandi áætlaður 6 milljarðar, núvirdi er 13 milljarðar.

„Við getum hreinlega sparað pening með því að hjálpa fólki. Þar má nefna færri veikindadaga, minnkuð útgjöld vegna örorkubóta, auknar skattgreiðslur, meiri framleiðni og verg landsframleiðsla hækkar.“

Hafrún segir flesta vera sammála þessum niðurstöðum, vita hversu mikilvægur málaflokkurinn er og þekkja hagkvæmnina. Þrátt fyrir það sé aðgengi takmarkað og ekki sé boðið upp á bestu mögulegu meðferðirnar.

„Baráttu þessa hóps er ekki mjög hávær. Ef fólk með líkamlega sjúkdóma fær ekki bestu mögulegu meðferðina fer allt á hliðina í samfélaginu. Á meðan eru fleiri þúsund manns þarna úti sem fá ekki bestu mögulegu meðferðina við geðröskunum og það yppa allir öxlum.“

Algengustu sjúkdómarnir*

Um helmingur þeirra sem glíma við sjúkdóma í Evrópu glímur við geðraskanir

1. Áfengi
2. Kvíði
3. Þunglyndi
4. Bílslys
5. Þroskaskerðing

1. Kvíði
2. Þunglyndi
3. Áfengi
4. Sjálfsvíg
5. Bílslys

1. Hjarta
2. Kvíði
3. Lungnakrabbi
4. Þunglyndi
5. Sykursýki

*Heimild: London School of Economics. Íslenskar tölur eru sambærilegar.

15-24 ára

25-44 ára

45-64 ára

ÍBÚAFUNDUR

Þriðjudaginn 10. nóvember kl. 20:00 í Bæjarbíói

Bæjarstjóri boðar til fundar með íbúum Hafnarfjarðar þriðjudaginn 10. nóvember kl. 20:00-21:30 í Bæjarbíói, Strandgötu 6.

Á fundinum mun bæjarstjóri kynna helstu áherslur og niðurstöður í tillögu að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar fyrir árið 2016 og þriggja ára áætlun 2017-2019.

Bæjarbúar eru hvattir til að mæta.

Fundarstjóri verður Sigríður Kristinsdóttir, bæjarlögmaður.

Fundurinn verður jafnframt sendur út beint á vef Hafnarfjarðar fyrir þá sem ekki komast, sjá www.hafnarfjordur.is

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

8,9%

var hlutfall geðsviðs af heildarútgjöldum Landspítala árið 2014

Dýrt að spara

20%

fjölgun öryrkja vegna þunglyndis síðustu 20 árin

13föld

aukning á geðlyfjanotkun frá 1975

Þó hefur ekki dregið úr sjálfsvígum



BÚRI LJÚFUR

Fyrirmynd Búra er hinn danski Havarti-rjómaostur sem athafnakonan Hanne Nielsen þróaði um miðja nítiánda öld á býli sínu „Havarthigaard“ fyrir norðan Kaupmannahöfn. Framleiðsla á Búra hófst árið 1980. Hann er mjúkur og smjörkenndur ostur með vott af ávaxtasætu, ljúfum sítrústoni í lokin og langvarandi eftirbragði. Rjómakennnd einkenni ostins parast vel með sætum, örlítið sýrðum ávöxtum, berjum og kryddsultum.



www.odalsostar.is

Fimm rétta
DIWALI
hátíðarmatseðill

5.990 kr.
6.990 kr. (fös.-lau.)

❁ **FORRÉTTUR** ❁

Hariyali lax

Maríneraður lax í úrvals kryddblöndu og grillaður í tandoori-ofni

❁ **AÐALRÉTTIR** ❁

Gosht Raulkilla

Safaríkt lambakjöt, marínerað í kewra-vatni, tómatauauki, chillí og garam masala og grillað í tandoori-ofni og

Peshwari Murgh

Kjúklingur eldaður í ríkulegri rjómalagaðri sósu með kasjúhnetum, kóríander, kúmmín, engiferi, hvítlauk og chillí og

Aloo Tilwalle

Rautt kartöflusmælki hægeldað í ljúfri kryddblöndu og sesam fræjum

❁ **MEDLÆTI** ❁

Raitha

Heimalöguð jógúrtsósa með gúrkum og kryddblöndu

Basmati-hrísgjón

Naan-hvítlauksbrauð

❁ **EFTIRRÉTTUR** ❁

Kulfi

Indverskur ís með pistasíum og saffran

Nú eru síðustu
forvöð að panta borð.
Diwali-hátíðinni
lýkur sunnudaginn
15. nóvember.

Við þökkum
frábærar viðtökur!

DIWALI – HÁTÍÐ LJÓSSINS

Lokadagur Diwali er sunnudagurinn 15. nóvember

Indverjum duga ekki færri en fimm dagar til að halda upp á hátíð ljóssins, Diwali, sem nú á hug þeirra og hjörtu. Við hjá Austur-Indíafjlaginu viljum færa örlitla birtu inn í byrjun vetrar og bjóðum því upp á sérstakan fimm rétta Diwali-hátíðarmatseðil frá og með 15. október til 15. nóvember á afar góðu verði: 5.990 kr. virka daga og 6.990 kr. á föstudögum og laugardögum.

Borðapantanir í síma 552 1630.

Chandrika Gunnarsson
hjá Austur-Indíafjlaginu
býður gesti velkomna
á Diwali, hátíð ljóssins.

AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

ÞÚ FINNUR STJÖRNURNAR Í BORGARLEIKHÚSINU



ÖLDIN OKKAR

20 uppseldar sýningar



Stórskemmtileg sýning þar sem hugmyndaauðgi, einlægni og beittur húmor ráða ríkjum." SJ - Fbl.

„Sum þessara atriða voru svo myndin að ég fékk magakrampa." SA - tmm.is



LÍNA LANGSOKKUR

90 uppseldar sýningar



„Uppfærsla Borgarleikhússins á ævintýrum Línu Langsokks er allt í senn lífleg, fjörug og mikilvæg." VG - DV

„Bráðskemmtileg sýning." SJ - Fbl.



KENNETH MÁNI

85 uppseldar sýningar



„Brjálæðislega myndið." ÁSM - DV

„Sýningin er bráðskemmtileg. Meistaralega gert." JBG - Fbl.

„Stundum hélt ég að ég ætlaði að kafna úr hlátri." SA - tmm.is

GJAFAKORT BORGARLEIKHÚSSINS

Gjafakort í Borgarleikhúsið er ávísun á einstaka kvöldstund sem aldrei gleymist. Borgarleikhúsið býður upp á hátt í 20 sýningar ár hvert. Verkefnavalið er fjölbreytt og spennandi og ættu því allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.



SÉRSTÖK JÓLATILBOÐ

Mamma Mia

Miði fyrir tvo á ABBA-söngleikinn sem enginn má missa af.


12.900 kr.



Njála

Miði fyrir tvo á Njálu og eintak af Brennu-Njáls sögu.

12.200 kr.



VEGBÚAR



„KK er tónlistarmaður sem hefur snert hjartastrengi ótal margra á sínum langa ferli og Vegbúar er enn ein skautfjöðrin í hans hatt.“ SJ - Fbl.

„Manni líður mjög vel frá fyrstu mínútu.“ HA - Kastljós

„Kristján er með afbrigðum góður sögumaður.“ HSK - Mbl.




SÓKRATES



„Sókrates er engu lík og leikhúsaðdáendur ættu ekki að láta þessa grátbroslegu trúðaóperu fram hjá sér fara.“ SJ - Fbl.

„Iðandi af fjöri.“ „Svo mikil orka“ „Svo mikil gleði.“ HA - Kastljós

„Sýningin er brjálæðislega skemmtileg, fjörug og lifandi.“ JSJ - Kvinnablaðið



BILLY ELLIOT

80 uppseldar sýningar



„Þrekvirki í íslenski sviðslist.“ SJ - Fbl.



„Hér smellur allt saman og skilar sér í stórkostlegri sýningu.“ SBH

„Mesta afrek sem maður hefur séð á leiksviði.“ HA - Djöflaeyjan



MÁVURINN



„Mikið varð þetta fólk allt trúverðugt og dásamlegt og hryllilegt!“ ÞT - Morgunblaðið



„Stórbróttin sýning.“ SJ - Fbl.



„Mávurinn er grimmilega myndin sýning, gneistar af uppátækjum og ástríðu.“ BL - DV

„Þetta var sprengikvöld.“ HA - Kastljós

Gómsætt Leikhúskvöld

Gjafakort fyrir tvo og ljúffeng leikhúsmáltíð.

12.500 kr.



Miðasala Borgarleikhússins
568 8000
www.borgarleikhus.is



BORGARLEIKHÚSIÐ

Höldum okkur við staðreyndir



Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Margóft hefur komið fram í umræðu um mögulegan sæstreng fyrir rafmagn milli Íslands og Bretlands að ekki standi til að virkja hér hverja sprænu til að selja orkuna svo til útlanda eins og hvert annað hráefni. Meirihluti þeirrar orku sem rætt er um að selja um rafstreng er umframorka frá núverandi virkjunum sem ekki nýtist hér innanlands. Framboð slíkrar orku er óstöðugt og nýtist því ekki í sölu til iðnaðar, en er vel hægt að selja háu verði sem græna orku inn á markað þar sem mikil eftirspurn er eftir slíku. Með tengingu við erlendan orku-markað er líka kominn valkostur við að selja orkuna á undirverði mengandi iðnaði á borð við álver.

Auðvitað á að vernda umhverfið og virkja sem minnst úr því sem komið er. Það er rétt sem fram kom á blaðamannafundi Bjarkar Guðmundsdóttur tónlistarkonu og Andra Snæs Magnasonar rithöfundar fyrir helgi að hér hafi þegar verið virkjað margfalt meira en þurfi til að anna orkuþörf almennings.

Um leið eru rangfærslur og útúrsmúningar að halda því fram að Íslendingar horfi til þess að sjá Bretum fyrir rafmagn, eða að ríkisstjórnin geti á einhvern hátt keyrt í gegn stefnu þar sem ráðist yrði í virkjanir úti um allar köppgrundir.

Möguleikar Íslendinga til orkuframleiðslu eru takmarkaðir. Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, hefur sjálfur bent á að þótt hér yrðu nýttir allir virkjanakostir þá fengist ekki úr því meiri raforka en svo að gæti nýst þriggja milljóna þjóð. Það er dropi í hafið í orkuþörf heimsins.

Þá er hér stuðst við verklag þar sem virkjanakostir eru metnir og raðað inn í rammaáætlun um nýtingu þeirra. Þótt Gullfoss sé kannski virkjanakostur þá verður hann seint settur í nýtingarflokk.

Við getum hins vegar nýtt betur þá orku sem framleidd er hér innanlands og bætt samningsstöðu landsins við orkusölu til mengandi iðnaðar með því að tengjast meginlandi Evrópu um sæstreng. Þótt ekki væri vegna annars ætti að skoða þennan kost alvarlega. Þannig gæti sæstrengur jafnvel verið lóð á vogarskál umhverfisverndar í landinu.

Hugmyndin um sæstreng er þannig ekki í andstöðu við hugmyndir um að hér sé tímabært að láta af stóriðjustefnu. Og óhætt er að taka undir það sem Skúli Mogensen, forstjóri WOW air, sagði í Morgunútvarpi Rásar 2 í gær að nær væri að ígrunda hvernig landið geti haldið í fyrirtæki á borð við nýsköpunarfyrirtæki sem hér hafa flúið land.

Vexti fyrirtækja sem byggja á hugviti fólks eru engin takmörk sett og mikilvægt að búa þeim, sem og öðrum, stöðugt rekstrarumhverfi og samkeppnishæft því sem erlendis býðst. Leiðirnar að því marki eru ljósar, svo sem með upptöku alþjóðlegrar myntar.

Nær væri að stefna hér að því að fjölga tækifærum en fækka þeim.



Meirihluti þeirrar orku sem rætt er um að selja um rafstreng er umframorka frá núverandi virkjunum sem ekki nýtist hér innanlands.

Gæði og glæsileiki endalaust úrval af hágæða flisum

Flisabúðin
Stórhöfða 21 | s: 545 5500 | flis.is

Finndu okkur á facebook

Halldór



Frá degi til dags

Almannahagsmunir

Fréttablaðið hefur síðustu daga sagt fréttir af hrottalegum nauðgunum í Reykjavík. Gerendurnir eru tveir og hafa þeir unnið saman við að beita konur grófu ofbeldi, bæði líkamlegu og andlegu. Orð fá ekki lýst hvernig brotþolum líður eftir miskunnarlausar árásir þessara manna. Konum hefur greinilega staðið ógn af þeim en þeir ganga enn lausir. Það er á þeim forsendum sem margir hafa spurt sig hví þeir hafi ekki verið hnepptir í gæsluvarðhald á forsendum almannahags. Þótt körlum stafi ekki ógn af þeim skulum við vona að öryggi íslenskra kvenna varði almannahag. Íslenskar konur, og þjóðin öll, heimtar útskýringar.

Kerfið fór á mis við byltingarnar. Á þessu ári hafa konur hrint af stað hverri byltingunni á fætur annarri til að bæta það samfélag sem við búum við. Atburðarásin hófst í lok mars þegar konur tóku völdin yfir eigin líkama. Í kjölfarið fylgdu fleiri byltingar sem allar voru af sama meidi; að gera samfélagið lífvænlegra fyrir bæði karla og konur. En hver er staðan nú, nokkrum mánuðum seinna? Ef karlmaður myndi innrétta bílskúrinn sinn í þeim tilgangi að pynta þar aðra karlmenn, handahófskennt, sem hann hittir á förunum vegi í Reykjavík, væri afar líklegt að sá hinn sami sæti í gæsluvarðhaldi eftir tvær kærur. sveinn@frettabladid.is

Myndum við stofna RÚV?



Ari Trausti Guðmundsson
jarðvísinda- og dagskrárgerðar- maður

Myndum við stofna ríkisútvarp nú á dögum? – er spurt. Sennilega reikna spyrjendur með því að nútíminn væri andstæður þess konar ríkisstarfssemi. Þeir telja að almenni fjölmiðlun, margþættum samfélagsumræðum og kynningum á öllum kímum menningar væri vel borgið í höndum einkafyrirtækja, alls konar áhugafólks um fjölmiðlun á pappír, í útvarp, sjónvarpi og á netinu. Það lítur ekki illa út en reyndin yrði önnur.

Ástæðan er sú að hending, eða pólitískur ásetningur, myndi ráða hvort hlutlagi væri gætt, tilviljun ræði hvort fjölbreytni væri næg, hvort útbreiðsla miðlunar teldist næg og endingartími hvers miðils væri nægur. Auk þess þarf töluvert fjármagn til þess að skila af sér efni sem stenst lágmarkskröfur um framsetningu og gæði. Fjölmiðlun á að vera jafn góð eða betri að gæðum en annað sem menn taka sér fyrir hendur handa öðru fólki að móða úr. Og til margra þátta hennar þarf auk þess fagmenn.

Þess vegna, kærur spyrjendur, er svarið já! Rétt eins og við myndum stofna opinber leikhús til að flytja tugi leikverka á ári, öflug listasöfn sem sinna jafnt jafnarmyndlist sem klassik, ólíka opinbera skóla til að hafa menntun sem fjölbreyttasta og almenningsbókasöfn til að dreifa ritum um allt milli himins og jarðar. Sem sagt: Samfélagsáttak til að tryggja sem best að skoðanafrelsi dafni, umræður miði að lausnum og lágmarkslýðræði fyrirfinnist. Því er nefnilega þannig farið að einkafyrirtæki og áhugafólk sinnir mikilli fjölmiðlun nú þegar. Þar með er RÚV löngu orðið viðbót til hliðar við flórana; viðbót sem á að lúta skýrum starfsreglum um hlutlagi, landsútbreiðslu, öryggisþjónustu, menningarrækt á öllum sviðum, fjölbreytni og góð, tvihlöða tengsl við samfélagið.

Gagnrýna má stofnunin fyrir eitt og annað og stjórnvöld fyrir of mikla hörku í garð fyrirtækisins. Aldrei átti að breyta RÚV úr stofnun í næstum gjaldþrota fyrirtæki, þegar í upphafi gjörningsins, vegna hárra lífeyrisskuldbindinga. Öll sú gagnrýni breytir litlu um nauðsyn samfélagsmiðils, hvort sem allir nota hann, margir eða hlutfallslega fáir. Hvað RÚV varðar vill mikill meirihluti landsmanna hafa það starfandi þó svo menn greini á um eitt og annað í rekstri og dagskrá.



Aldrei átti að breyta RÚV úr stofnun í næstum gjaldþrota fyrirtæki, þegar í upphafi gjörningsins.

Heimili eða hákarlskjaftur?

Andri Snær Magnason
Auður Jónsdóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Guðmundur Andri Thorsson
Margrét Örnólfsdóttir
rithöfundar

Kæra Ólöf Nordal – og aðrir embættismenn sem hafa örlög tveggja barna í hendi sér.

Í kvöld mun lítil fjölskylda elda sér kvöldmat. Foreldrarir vaska upp og hætta síðan tvær litlar stelpur, þrjú og fjögurra ára, kyssa þær góða nótt og óska þeim góðra drauma svo þær sofni öruggar með bangsann sinn við rabið í foreldrum sínum – sem vita þó ekki hvað morgundagurinn ber í skauti sér. Hvort þeim og stelpunum verði vísað úr landi nánast fyrirvara-laust, til að halda aftur í neyðar-ástandið sem nú ríkir í Grikklandi þar sem öldurnar fleyta þúsundum umkomulausra kvenna, barna og karla upp á hvítar strendurnar á degi hverjum. Ellefu milljónir flóttamanna frá Sýrlandi eru á vegangi í Líbanon, Sýrlandi og Evrópu nú yfir fyrstu vetrarmánuðina, stór hluti þeirra eru börn.

Vatnið öruggara en landið

Fjölskyldan var svo óheppin að búa í landi þar sem einræðisherra og ISIS-liðar takast nú á af slíku alefli að ofbeldinu eru engin takmörk sett. Faðir stúlkanna neitaði að ganga í stjórnarher al-Assad til að berjast í vitskertum átökum sem geta einungis endað með einu móti: að deyða eða vera drepinn. „Það yfirgefur enginn heimilið sitt nema heimilið sé hákarlskjaftur, þú hleypur aðeins að landamærunum þegar þú sérð að öll borgin hleypur líka,“ segir í ljóði bresk-sómalska ljóðskáldsins Warsan Shire, Heima. Og: „Þú hlýtur að skilja að enginn setur börn um borð í bát nema vatnið sé öruggara en landið.“

Nokkur íslensk skólaborð leituðust á dögunum við að skoða myndir af borginni Aleppó, stærstu borg Sýrlands, þar sem þau þekktu stúlku þáðan. En vafrinn kom í veg fyrir að þau sæju óhugnaðinn sem birtist við að skrifa nafnið eitt inn í leitarvélina, óhugnað á borð við myndir af sundurbútuðum barnslíkum – því gamla heimili vinkonu þeirra er nú hákarlskjaftur.

Til Íslands og aftur út

Íslenskir ráðamenn hafa nýlega lofað landsmönnum sínum að gera átak í að taka á móti fólki í neyð frá Sýrlandi og birt af því tilefni yfirlýsingu á vef utanríkisráðuneytisins sem ber með sér mótþróa kerfisins og innbyggða útsjónarsemi þess til að láta ekki hanka sig á fögrum fyrirheitum. Á sama tíma er stóðd hér á landi raunveruleg sýrlesk fjölskylda á flótta sem biður um að fá að dvelja áfram í öryggi með dætur sínar tvær sem nú þegar eru komnar á leikskóla. Útlendingastofnun sem er sannkölluð Ómöguleikastofnun – og þeir ráðherrar sem hafa með málið að gera – virðast samt kjósa að þjóna smásmugulegri skrifinnsku kerfisins sem aldrei sér möguleikana heldur bara ómöguleikana. Málið snýst um örlög tveggja lítilla stúlkna og það blasir við flestum að hér þarf að bregðast strax við af manndómi og veita litlu fjölskyldunni dvalarleyfi af mannúðarástæðum eins og heimildir eru til: börnin eiga ekkert annað heimili, ekkert annað land. Og það er ekkert sem bannar æðstu ráðamönnum í sjálfstæðu ríki að veita þetta dvalarleyfi. Ekkert annað en innbyggð tregða kerfisins. Að halda öðru fram er einfaldlega fyrirsláttur af sama tagi og íslenskir ráðamenn sýndu á sínum tíma þegar Katrín Thoroddsen lækni reyndi að ættleiða gyðingabörn frá Þýskalandi nasismans en fékk ekki að bjarga lífum þeirra. Enginn veit hver urðu örlög þeirra. Ætlum við að endurtaka leikinn á nýrri öld?



Ef við ákveðum að senda stúlkurnar út í óvissuna sannast það að Íslendingar vilja umfram allt að mannúð verði ekki fordæmi í mannglegri sambúð, líkt og þegar gyðingabörnunum var haldið frá landinu.

Finum aðra lausn

Beiðni fjölskyldunnar um öruggt skjól strandar að sögn á því að tekin voru fingraför af þeim í Grikklandi. Þá geta íslensk stjórnvöld beitt Dyflinnarreglugerðinni, og túlkað hana þannig að okkur beri að senda fólkið aftur til Grikklands þar sem Grikkland var fyrsti viðkomustaður þeirra innan Evrópu. Angela Merkel segir reglugerðina úrelta og hún og Francois Hollande Frakklandsforseti kölluðu bæði eftir nýjum aðferðum til að skipta flóttafólki á sanngjarnan hátt milli Evrópusambandsríkja í ræðum sem þau fluttu á Evrópuþinginu í október. Gunnar Bragi segir reglugerðina hins vegar í góðu lagi, „gagnvart Íslandi í það minnsta“. En málið snýst ekki um það hversu auðvelt er fyrir Ísland að reka fólk burt – það hlýtur að snúast um sanngirni og mannúð gagnvart öðrum, samstarf þjóða á milli og réttlátari skiptingu flóttafólks. Í staðinn fyrir að taka þátt í að leysa vandann er leitast við að firra sig ábyrgð og senda fólk aftur í aðstæður sem eru ekki boðlegar. Viljum við vera þannig samfélag? Ef litlu sýrlesku fjölskyldunni verður vísað aftur til Grikklands eru þau heimilislaus og réttindalaus. Finnst okkur í lagi að vísa þeim út á guð og gaddinn?

Barnamótmælin

Það finnst börnunum ekki. Um daginn fóru börn um Laugarneshverfið í mótmælagöngu út af tveimur albönskum krökkum sem stóð til að reka úr landi með foreldrum sínum. Svipuð vakning hefur átt sér stað kringum sýrlesku stúlkurnar. Börn skilja ekki hvernig fullorðin fólk getur gert eitthvað svo innilega rangt, en samt vita þau ekki allan sannleikann: þau vita ekki að stúlkanna biður jafnvel að verða nauðgað, þær sveltar og sviknar um heilbrigðisþjónustu. Að börn geti örkuðast vegna kulda eins og mörg önnur flóttabörn sem nú eru á vegangi. Í Þýskalandi var barni nýlega rænt af barnaníðingi meðan mamma þess var í miðju öngþveitinu að fylla pappíra vegna dvalarleyfis. Víða er setið fyrir börnum og stúlkum sem eru dregin inn í skóga. Engar björgunarsveitir sjást – óreiða ríkir. Í þessu sambandi hljóttum við að minna á að hagsmunir barns skulu alltaf vera í fyrirrúmi þegar teknar eru ákvarðanir sem þessar, samkvæmt íslenskum barnalögum, og Íslendingar hafa undirritað barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og fullgilt. Það væri margfalt mannréttindabrot ef sýrlesku stúlkunum yrði vísað úr leikskólanum og til Grikklands – þar sem þær verða heimilislausar og fá ekki videigandi menntun.

Þegar mannúð má ekki vera fordæmi

Ef við ákveðum að senda stúlkurnar út í óvissuna sannast það að Íslendingar vilja umfram allt að mannúð verði ekki fordæmi í mannglegri sambúð, líkt og þegar gyðingabörnun-

um var haldið frá landinu. En þessi sama þjóð statar einnig af því að hafa björgunarsveit í sjálfbodavinnu við að hjálpa fólki. Við veltum því fyrir okkur hvort þessi þjóð – sem er tilbúin til að hjálpa og gera betur en þetta – vilji gera meira en stjórnvöld? Ef svo er, er þá ekki komið rof á milli vilja stjórnvalda og fólksins? Og af hverju vilja stjórnvöld ekki gera betur? Hvað er að græða á þessum útilokunum á fólki – mannaúði og þekkingu? Það er vel hægt að finna lausn á málum litlu stúlkanna og foreldra þeirra: Stúlkurnar mega vera á Íslandi. Þær mega fara í Húsdýragarðinn, í boltaland eða á leikskólann Drafnarborg. Og þær mega eiga heimili. Eigum við ekki að búa þannig að þeim að þau geti kvatt heimilið sem hákarlskjaft – og farið loksins áhyggjulausar í háttinn? Eigum við ekki að búa þannig um, að börnin geti farið að sofa á meðan við vökum yfir þeim?

Í von um að það finnist farsæl lausn.



Sýrlesku systurnar Joula og Jana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Mætum þörfinni – íbúðamarkaður í brennidepli

Opinn fundur Samtaka iðnaðarins um íbúðamarkaðinn á Grand Hótel Reykjavík, fimmtudaginn 12. nóvember kl. 8.30–10.00. Morgunverður í boði frá kl. 8.00.

Á fundinum verður ný greining SI á íbúðamarkaði kynnt og m.a. lagt mat á þörf fyrir íbúðir og að hversu miklu leyti núverandi framboð mætir henni.

Dagskrá

Samhengi hlutanna
Hvað þarf að byggja mikið og hver er uppsöfnuð þörf?
Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI

Er framtíðin björt?
Sýn stúdenta á húsnæðismarkaðinn
Aron Ólafsson, formaður Stúdentaráðs

Veruleikinn í dag
Hvað er verið að byggja og hvar?
Friðrik Ólafsson, forstöðumaður byggingasviðs SI

Höfuðborgarsvæðið til 2018
Byggingamagn á höfuðborgarsvæðinu
Jón Bjarni Gunnarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI

Í átt að framförum
Fimm nauðsynleg skref til umbóta
Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI

Fyrirspurnir og umræður

Fundarstjóri: Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður SI

**Allir velkomnir
– skráning á si.is**

Samtök iðnaðarins
www.si.is

Nokkur gleði-orið um Tónlistarsafn Íslands



Hreinn Valdimarsson
áhugamaður um íslenska tónlistarsögu og söfnun

Það ríkti mikil gleði í hópi áhugamanna um sögu íslenskrar tónlistar í ársbyrjun 2009. Þá fréttist að fram-sýnir menn í Kópavogi hefðu í samvinnu við menntamála-ráðuneytið sett á laggirnar, langþráðan draum, Tónlistarsafn Íslands.

Það ríkti líka gleði þegar í ljós kom að netlægar upplýsingasiður um tónlist, sem tveir nýráðnir fagmenn safnsins höfðu um áráðir haldið úti, fengu fast heimili og uppferðslur. Það ríkti einnig gleði þegar þessir starfsmenn hófu að leggja út á netið hljóð og myndupptökur af íslenskum tónlistarfrömuðum, sem markað höfðu spor í tónlistarsögu Íslands.

Það ríkti kátina og gleði og fólk þyrptist að þegar safnið opnaði fyrstu sýninguna um íslenska tónlistarsögu. Í kjölfarið komu fleiri sýningar meðal annars um pönkbylgjuna á Íslandi, önnur um gítara og gítarleikara. Síðan kom stórvönduð og fjölsótt sýning um bæjarlistamann Kópavogs, Sigfús Hall-dórsson. Sýning helguð tónskáldinu Sveinbirni Sveinbjörnssyni var metnaðarfull og nú síðast sýning helguð dansmenningu.

Það hefur líka ríkt gleði með gagnkvæma og trausta samvinnu Tónlistarsafnsins við Safnadeild Ríkis-útvarpsins. Þessi söfn hafa skipst á ómetanlegum upplýsingum, sem hvergi annars staðar er að finna en í skrá þessara tveggja stofnana.

Það ríkti fölskvalaus gleði þegar Tónlistarsafnið í samvinnu við Djass-sögu Íslands komst yfir átta troðfulla kassa af tónlistarnótum úr dánarbúi Kristjáns Kristjánssonar, hljómveitarstjóra KK-sextettsins.

Það braust út mikil gleði þegar í ljós kom að upp úr kössunum átta kom fjöldi handskrifðra útsetninga fyrir sextettinn. Tónlistarsafnið fékk liðsauga og allar nóturnar voru skrá-settar og þeim pakkað og síðan færðar Landsbókasafni. Ef Tónlistarsafns Íslands hefði ekki notið við er næsta víst að KK-nóturnar hefðu endað á töluvert óæðri stað en Landsbókasafni. Fleiri ómetanleg nótta- og heimildarsöfn hafa borist Tónlistarsafninu gegnum árin, má þar nefna nótasafn Magnúsar Ingimarssonar og heimildarsafn um íslenska tónlistarsögu,



Allt þetta gerist, að því er virðist, vegna þeirrar baneitruðu blöndu sem myndast þegar ríkið, annars vegar og bæjarfélag hins vegar, sameinast um rekstur sem þennan.

sem kalla má stóran hluta af ævistarfi Jóns Þórarinssonar tónskálds.

Það ríkti gleði og eftirvænting þegar Erling Blöndal Bengtsson, sellóleikarinn frægi, færði Tónlistarsafni Íslands fyrsta sellóið sitt. Auk sellós Erlings hafa safninu borist aðrar stórmerkilegar hljóðfæra-gjafir. Hér má nefna ferðaorgel Jóns Leifs, flygil Árna Kristjánssonar tónlistarstjóra, tréflautu Benedikts á Auðunum og fræga fiölu Jónasar Helgasonar frá síðari hluta 19. aldar ... Þannig mætti lengi telja!

Allt eru þetta verðmæti sem eru nú tiltæk, einungis vegna þess að við Íslendingar eigum Tónlistarsafn, sem við getum verið stolt af.

Baneitruð blanda

En nú ríkir ekki lengur gleði, miklu frekar ógleði. Nýlega hefur heyrst að skera eigi undan Tónlistarsafninu annan starfsmanninn, húsnaði safnsins verður nýtt í annað og forstöðumanninum komið fyrir í skoti. Enginn veit á hvaða hauga safnakosturinn verður síðan sendur.

Allt þetta gerist, að því er virðist, vegna þeirrar baneitruðu blöndu sem myndast þegar ríkið, annars vegar og bæjarfélag hins vegar, sameinast um rekstur sem þennan.

Hvað sem öllu öðru líður er það alveg dagsljóst að við það að missa annan starfsmanninn af safninu lamast starfsemin og engin leið er fyrir einn forstöðumann, þó magnaður sé, að komast yfir allt sem þarf til þess að Tónlistarsafn Íslands geti talist safn með söfnum og haldið rein.

Því spyr ég nú fávís: Er ekki hægt að láta vera að skera undan Tónlistarsafni Íslands, á meðan fundin er framtíðarlaus sem við getum öll verið stolt af?

Eða er skilningsleysið í garð menningarinnar í Kópavogi svo mikið að hausar verði að fjúka þegar í stað?

Hafa hin myrku eyðingaröfl sem síðustu misserin hafa farið um menningarlíf okkar litla samfélags með excelinn í annarri hendi og ljáinn í hinni, sigrað?

Rekstrarumhverfi íslenskra fjölmiðla í erlendum samanburði



Elfa Yr Gylfadóttir
framkvæmdastjóri fjölmiðlanefndar

Er það sjálf-sagt að á litlu málsvæði og í fámennu samfélagi séu starfræktir öflugir fjölmiðlar sem hafa grundvallargildi faglegrar blaðamennsku að leiðarljósi? Í nágrannaríkjum okkar er ærnum tíma og miklum fjárumunum varið til að tryggja starfsemi slíkra fjölmiðla. Almenn er lítið svo á að slíkt gerist ekki af sjálfu sér, heldur þurfi að hlúa að starfs- og rekstrarumhverfi fjölmiðla, enda er samfélagið allt og lýðræðið í húfi ef ekki tekst vel til. Það er því fróðlegt að skoða rekstrarumhverfi íslenskra fjölmiðla í erlendu samhengi.

Af opinberri umræðu verður ráðið að rekstrarumhverfi íslenskra fjölmiðla sé erfitt. Þannig kostar einstök kvikmynd, íslenskur sjónvarpsþáttur, útvarpsþáttur eða ítarleg fréttatækt ekki hlutfallslega minna hér á landi en í tugmilljóna samfélögum. Framleiðslukostnaður er sá sami hvort sem markaðurinn tekur til 330 þúsund manna eða 60 milljóna. Þá er ótalinn kostnaður sem liggur í textun og talsetningu á erlendu efni hér á landi.

Milljarða styrkir

En hvernig er stefna stjórnvalda og rekstrarumhverfi fjölmiðla hér á landi í samanburði við nágrannaríki okkar? Á Norðurlöndunum og í Evrópu er milljörðum íslenskra króna ráðstafað í ríkisstyrki til fjölmiðla árlega. Á þessu ári fengu 144 norsk dagblöð 4,7 milljarða kr. í ríkisstyrki. Í Svíþjóð fengu dagblöð 7,8 milljarða kr. í ríkisstyrki í fyrra. Í Finnlandi fá dagblöð og netmiðlar opinbera styrki og sérstök áhersla er lögð á fjölmiðla á minnihlutatungumálum. Í Danmörku eru veittir dreifingarstyrkir, rekstrarstyrkir og styrkir til fjölmiðla til þróunar á netinu. Styrkir á árinu 2014 í Danmörku námu rúmlega 7 milljörðum króna.

Í Bretlandi eru engir beinir ríkisstyrkir til fjölmiðlunar, eins og víða á meginlandi Evrópu, en dagblöð eru undanþegin virðisaukaskatti. Reynolds sýnir að virðisaukaskattsprósenta hefur mikið að segja um sölu og dreifingu fjölmiðla. Dagblöð í Noregi, Danmörku og Belgíu eru einnig undanþegin virðisaukaskatti. Í Svíþjóð, Hollandi og Portúgal er virðisaukaskattur á dagblöð 6%, 2,1% í Frakklandi, 2,5% í Sviss, 4% á Spáni, 7% í Þýskalandi og 5% í smárikjunum Möltu og Kýpur. Eftir að hlutfall virðisaukaskatts hækkaði úr 7% í 11% um síðustu áramót

er skattprósenta á íslensk dagblöð með því hæsta sem um getur í Evrópu.

Í Bandaríkjunum hafa pósthúðargjöld fyrir prentmiðla verið niðurgreidd frá árinu 1792. Niðurgreiðslan nemur um 250 milljörðum íslenskra króna. Þá nema skattaafslættir til prentmiðla um 110 milljörðum íslenskra króna.

Faglegar og hlutlægar kröfur

Styrkir eru kerfisbundið notaðir í Evrópu til að tryggja menningarlega fjölbreytni og fjölræði, koma í veg fyrir samþjöppun á fjölmiðla-markaði og til að tryggja fagleg vinnubrögð á ritstjórnunum. En forsenda styrkveitinga er jafnan að fjölmiðlar uppfylli fyrirfram ákveðnar faglegar og hlutlægar kröfur. Það er því til mikils að vinna fyrir eigendur fjölmiðla að fagleg blaða- og fréttamennska sé höfð í fyrirrúmi.

Þegar haft er í huga að Ísland er örbjóð er hreint ótrúlegt hvað hér starfa þó margir fjölmiðlar sem miðla fjölbreyttu efni. Þegar skoðaðir eru beinir og óbeinir styrkir til fjölmiðla í nágrannaríkjum okkar verður samanburðurinn við Ísland enn ótrúlegri. Hvernig tryggjum við að hér verði áfram fjölbreyttir fjölmiðlar sem miðla efni á íslensku í framtíðinni?

Samskipti ríkis og kirkju – II



Þórir Stephensen
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Í fyrstu grein minni um þetta efni reyndi ég að útskýra hvernig sambandi ríkis og kirkju er háttáð hér á landi. En lítum nú á fjármálin eins og þeim er upp stillt fyrir árið 2015:

Fjárlaga-liðurinn Biskup Íslands nær yfir laun starfsmanna þjóðkirkjunnar í heild og annað, sem jarðasamkomulagið kveður á um: **Alls kr. 1.507,6 milljónir.**

Sóknargjöld (félagsgjöld innheimt af meðlimum þjóðkirkjunnar) **kr. 1.910,7**

og þeim fylgjandi Jöfnunarsjóður sókna **kr. 353,5.**

Samtals **kr. 2.264,2.**

Kirkjugarðar, kostnaður sem er óháður þjóðkirkjunni, enda fyrir landsmenn alla, hvernar trúar sem þeir eru **kr. 997,6.**

Tveir lögbundnir sjóðir, eldri en jarðasamkomulagið:

Kirkjumálasjóður **kr. 273,2.**

Kristnisjóður **kr. 72,0.**

Stofnframlag til fjögurra höfuðkirkna landsins, sem ekki er hægt að reka með sóknargjöldum **kr. 21,0.**

Samtals **kr. 366,2.**

Það, sem ríkissjóður leggur þjóðkirkjunni til árið 2015 umfram jarðasamkomulagið, er því aðeins neðsta talan; **kr. 366 milljónir** og tvö hundruð þúsund. Ekki er hægt að

telja innheimt sóknargjöld til framlags ríkisins til kirkjunnar fremur en sóknar- eða félagsgjöld sem ríkið innheimtir af einstaklingunum fyrir önnur trú- og lífsskóðunarfélög.

Þetta er raunsönn tala, en því miður ekki í samræmi við það sem andstæðingar kirkjunnar halda fram og margir fréttamiðlar hafa talið þjóðinni trú um. Sem dæmi má nefna, að Vantrú sagði framlög ríkisins til „ríkiskirkjunnar“ árið 2014 vera um fjóra milljarða króna, en þau voru samkvæmt framangreindum reikningsaðferðum ekki nema rúmar 268 milljónir.

En hvernig eru samskipti í öðrum löndum, þeim sem við berum okkur gjarnan saman við? Um það verður fjallað í þriðju grein minni um þetta mál.

Vond skilaboð lögreglu



Eva H. Baldursdóttir
lögfræðingur

a.m.k. í íbúð í Hlíðunum þar sem gerendur beittu hrottalegu líkamlegu og kynferðislegu ofbeldi. Niu dagar eru á milli meintra nauðgana, sem falla í þann flokk að teljast bæði hóp- og raðnauðganir. Grófari verða kynferðisbrotin ekki.

Lögreglan hefur gefið það upp að í samræmi við framvindu rannsóknarinnar hafi það verið metið svo að ekki væri hægt að úrskurða sakborningana í gæsluvarðhald út frá rannsóknarhagsmunum eða almannahagsmunum. Eins og málið horfir við samkvæmt

fréttflutningi er ljóst að skilyrði 95. gr. sakamála laga eru engu að síður uppfyllt. Kryfjum þessi ummæli lögreglu. Af hverju ættu rannsóknarhagsmunir ekki að krefjast gæsluvarðhalds? Er það vegna þess að þau gögn sem lögregla hefur undir höndum séu þess eðlis að þau séu fullnægjandi til sakfellingar?

Túlkar skilyrði of þröngt

Í ljósi alvarleika brotanna og þess að þau eru framkvæmd að yfirlögðu ráði hljóta almannahagsmunir þá að leiða til gæsluvarðhalds. Mat lögreglu er hins vegar að svo sé ekki. Í d-líð 95. gr. segir að úrskurða megi sakborning í gæsluvarðhald ef það er nauðsynlegt til að verja aðra fyrir árásum sakbornings. Í 2. mgr. 95. gr. kemur fram að ef sterkur grunur leikur á að sakborningur hafi framið afbrot sem að lögum getur varðað 10 ára fangelsi megi úrskurða í gæsluvarðhald, sé brotið þess eðlis að ætla megi að varðhald sé nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, en nauðgun getur varðað allt að 16 ára fangelsi.



Það stafar hætta af mönnum sem eru grunaðir um hrottalegar og skipulagðar nauðganir.

Það stafar hætta af mönnum sem eru grunaðir um hrottalegar og skipulagðar nauðganir. Mat lögreglu um að almannahagsmunir krefjist ekki gæsluvarðhalds vegna þessara kynferðisafbrota er ekki aðeins siðferðislega rangt, heldur líka lögreglufræðilega, ef það sem fram er komið um atvik málsins er rétt. Lögregla er þá ekki að sinna grundvallarskyldu sinni, að tryggja öryggi borgaranna. Að endingu er það svo dómstóla að meta hvort skilyrðin séu uppfyllt, en lögregla leggur það mat ekki í hendur dómstóla. Í stað þess túlkar hún skilyrði gæsluvarðhalds of þröngt og á sama tíma sendir þau skilaboð til samfélagsins að nauðganir séu ekki svo alvarlegar. Það eru vond og hættuleg skilaboð.

40.000

fréttapyrstir notendur

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

FRÉTTABLAÐIÐ



Ókeypis lyfjaskömmun í Borgar Apóteki !

Skömmunargjöld f. 4 vikna lyfjatiltekt

Lyfja (Lyfjalausnir)	1.537
Lyf & Heilsa (SA lyfjaskömmun)	1.000
Lyfjaver	600
Borgar Apótek	0

Borgar Apótek

Borgartúni 28, sími 553 8331

– Þín vegna

Heilsuréttir fjölskyldunnar



Gulrótarbuff

MELTINGARENSÍM EÐA ASÍDÓFÍLUS?

GENGUR VEL kynnir *Prógastró* og *Digestive enzyme complex*. *Prógastró* stuðlar að heilbrigðri meltingarflóru en *Digestive enzyme* auðveldar meltingu.

Heilbrigð melting og meltingarflóra er ein af undirstöðum góðrar heilsu. Þegar maginn kvartar getur verið erfitt að átta sig á hvað það er sem hentar manni best. *Prógastró* er asídófilus sem stuðlar að heilbrigðri þarmaflóru en heilbrigð þarmaflóra er mikilvæg fyrir alla. Sumir þurfa hins vegar einnig hjálp við að melta vissan mat, s.s. mjólkurvörur, feitar sósur og fleira. Þá getur *Digestive enzyme complex* komið að góðum notum,“ segir Hrönn Hjálmaradóttir, næringar- og heilsumarkþjálfari.



PRÓGASTRÓ FÆST í flestum apótekum, heilsubúðum og heiluhillum stórmarkaða og verslana. *Digestive enzyme complex* fæst í flestum apótekum, Hagkaupum, Heilsutorgi Blómavals og Fjarðarkaupum.

PRÓGASTRÓ

HEILBRIGÐUR RISTILL

- Heilbrigð þarmaflóra
- Betri upptaka næringarefna
- Getur haft jákvæð áhrif á svefn
- Getur haft jákvæð áhrif á líkamsþyngd
- Dregur úr og getur komið í veg fyrir bólgusjúkdóma

Prógastró inniheldur 4 tegundir af góðgerlum: *L acidophilus* DDS-1, *B longum*, *B bifidum* og *B lactis*
 Er laust við *mjólk, glúten, soja og rotvarnarefni*.



Prógastrógerlarnir eru bæði gall- og sýrubolnir en allajafna eiga svona gerlar mjög erfitt með að lifa af í háu sýrustigi eins og er í magnum okkar. Þeir komast því heilir gegnum magan og í smáparmana þar sem þeir margfalda sig og „vinna vinnuna sína“.

VINNA VEL Prógastrógerlarnir margfalda sig í smáþörmunum og vinna vel.

DIGESTIVE ENZYME COMPLEX

GÓÐ MELTING

- Auðveldar meltingu á þungum mat
- Minnkar líkur á uppþembu og óþægindum
- Brýtur niður laktósa

Innihaldsefni:

Amylase – ensím sem hjálpa til við niðurbrot á kolvetnum.
Lipase – ensím sem sjá um meltingu/niðurbrot á fitu.
Protease – ensím sem hjálpa til við meltingu/



niðurbrot á próteinum.
Cellulase - hjálpar til við niðurbrot á jurtatrefjum og breytir þeim í glúkósa.
Lactase – brýtur niður laktósa í mjólkurvörum. Sérstaklega hjálplegt þeim sem þjást af laktósa-/mjólkuróþoli.
Betaine hydrochloride – nauðsynlegt hjálparefni við niðurbrot á próteini.

GOTT VIÐ UPPÞEMBU Sumir þurfa hjálp við að melta vissan mat, s.s. mjólkurvörur, feitar sósur og fleira. Þá getur *Digestive enzyme complex* komið að góðum notum.

SR Viper M-TX árg. 2016



FORKAUPTILBOÐ
 gildir til 20. nóvember
200.000
 króna innleiðing
 í verslun fylgir

Léttasti fjörgengissleðinn frá Yamaha til þessa. Frábærir aksturseginnleikar.

Verð frá kr. 2.690.000,-



www.yamaha.is

Arctic Trucks | Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900



Vandaðar
 vetrar-
 yfirhafnir



www.laxdal.is

BERNHARD LAXDAL

Laugavegi 63 • S: 551 4422

Vertu vinur á Facebook

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** | Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir**, bryndis@365.is, s. 512 5434
Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429

2.280kr
~~1.824kr~~
 9.-15.NÓV

TOSTADA RUCOLA
 m. nachos, ostasósu og gosi

Culiacan
 MEXICAN GRILL
 Suðurlandsbraut 4a
 www.culiacan.is



Í ÍRAN Jón Ingvar hefur komið þrisvar til Írans og stefnir á að fara þangað einu sinni enn. Hér er hann ásamt konu sem hann kynntist á ferð sinni sem rekur kaffihús í Isfahan.

RANNSAKAR HEIM ÍRANSKRA HOMMA

FYRIRLESTUR Jón Ingvar Kjaran, aðjúnkt og nýdoktor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur í Þjóðminjasafninu. Þar mun hann greina frá fyrstu niðurstöðum etnógrafískrar rannsóknar sinnar á því hvernig íranskir hommar skapa sér rými á jaðri samfélagsins.

Ég mun greina frá rannsókn sem ég vinn að ásamt prófessor í Kanada en við erum að kanna veruleika samkynhneigðra karla í Íran,“ segir Jón en fyrirlestur hans ber yfirskriftina; Hulinn þúsund slæðum: Veruleiki samkynhneigðra karlmanna í Íran.

Jón segist ávallt hafa fylgst mikið með írönskum stjórnmálum og fréttum og lesið sér til um sögu og menningu landsins. „Fyrir einhverjum árum fór ég að taka eftir því að vestrænir fjölmiðlar greindu frá slæmri stöðu samkynhneigðra í Íran og að þar væri verið að taka fólk af lífi fyrir að hneigjast til sama kyns. Þá spratt hjá mér áhugi á að skoða hvernig staðan væri í raun og veru,“ segir Jón sem hefur farið í þrjár vettvangsferðir til Írans. „Ég hef aðallega dvalið í Teheran og stærri borgum og alltaf reynt að dvelja inni á heimilum samkynhneigðra. Ég er því komin með annan fótinn vel inn í hið samkynhneigða samfélag í Íran,“ segir Jón en tekur fram að þar sé aðeins um samkynhneigða karla að ræða. „Aðgangur að konum er mjög takmarkaður í Íran, sér í lagi fyrir vestrænan karlmann.“

Jón dvaldi meðal viðmælenda sinna en þó alltaf undir því yfirsíni að hann væri að heimsækja vini. „Ef írönsk stjórnvöld vissu hvað ég væri að gera er ég ekki viss um að ég fengi áritun.“

STAÐAN BETRI EN MARGIR TELJA

Hann segir ýmislegt hafa komið sér á óvart við öflun rannsóknargagna sinna. „Vestræn umfjöllun um samfélagið í Íran og stöðu kvenna þar er mjög neikvæð. Sannleikurinn er hins vegar sá að staða kvenna er til dæmis mun betri í Íran en annars staðar á þessu svæði. Konur eru til dæmis 60 prósent af öllum háskólanemum, þær keyra leigubíla og vinna við hin og þessi störf. Það sama á við um stöðu samkynhneigðra karla. Þó ungu strákar eigi í vanda með að takast á við kynhneigð sína og þó fjölskyldan hafni oft og tíðum þessum strákum, hafa þeir ákveðið svigrúm. Það kom mér dálítið á óvart að þeir ná á einhvern hátt að koma sínum tilfinningum á framfæri.“

Jón segir viðmælendur sína ekki kannast við að stjórnvöld taki menn af lífi fyrir kynhneigð sína. „Þeir óttuðust mest það samfélagslega stigma sem



felst í því að vera samkynhneigður. Því ef upp um þig kemst minnka tækifærin í lífinu, bæði innan fjölskyldunnar og samfélagsins. Staða samkynhneigðra karla í Íran er því ekki góð miðað við vestræna standarda en hún er ekki eins slæm og aktivistar á Vesturlöndum hafa viljað meina í fjölmiðlum.“

LÍFLEGT HOMMASAMFÉLAG

Jón segir vera mjög líflegt hommasamfélag í Teheran. „Þeir halda sín parti og þá er íbúðum breytt í hálfgerða skemmtistaði. Þá er mjög líflegt spjall á netinu,“ segir Jón en öll samskipti samkynhneigðra fara fram innan einkarýmisins. „Það er ekkert opinbert rými fyrir þess háttar hneigðir, engin gleðiganga eða réttindi sem hommar hafa.“

En eiga þessir menn einhvern draum um að breyta samfélaginu? „Það er misjafnt. Sumir vilja hiklaust breyta samfélaginu og margir vísa þar til þess að 1987 ákváðu írönsk stjórnvöld að leyfa kynleiðréttingar í Íran. Því er staða transfólks nokkuð góð í Íran og það hefur ákveðin réttindi. Sumir samkynhneigðir vonast til að svipað muni gilda um þá síðar meir. Fyrir aðra skiptir þetta litlu. Þeir eru sáttir við ástandið eins og það er. Þeir geta verið þeir sjálfir innan síns einkarýmis og segjast ekki þurfa á opinberu rými að halda. Þetta eru oft einstaklingar sem eru hátt settir innan samfélagsins, eiga vegabréf og geta ferðast.“

Jón hefur lokið gagnasöfnun að mestu og hefur nú vinnu við úrvinnslu þeirra. „Við munum skrifa einhverjar greinar og loks gefa út bók um efnið.“

KENNIMAÐUR

Jón með mullah (kennimanni) fyrir framan eina af mörgum moskum í Teheran.

FRESTAÐ


Ætlunin er að Jón Ingvar flytji fyrirlesturinn Hulinn þúsund slæðum: Veruleiki samkynhneigðra karlmanna í Íran, í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins á fimmtudaginn klukka 12. Mögulega frestast fyrirlesturinn þó um viku vegna veikinda en nánari upplýsingar má finna á rikk.hi.is.

■ solveig@365.is

NDS Probiotics

Nutrient Delivery System

Hágæða frostpurrkaðir meltingagerlar fyrir góða þarmaflóru.



Loksins á Íslandi

NDS gerlar sem fagfólk mælir með

þ.á.m danskir næringarþerapistar og hin þekktu Eva Lydeking-Olsen.

Margar blöndur í boði fyrir börn og fullorðna*

* Um er að ræða 9 tegundir af mismunandi gerla blöndum, leita má upplýsinga hjá söluaðila um gerla sem henta þínum þörfum



Fæst í Heilsuhúsinu Kringlunni

Vandað sjónvarpsefni og fjarskipti á frábæru verði

FÁRÁNLEGA FLOTTUR PAKKI

365

365.is
Sími 1817

Sex sjónvarpsstöðvar, internet, heimasími, Stöð 2 Marabon og aðild að Vild. Með því að greiða 1.990 kr. aukalega færðu endalaust tal og 1GB í GSM.



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT á 365.is

SKEMMTIPAKKINN

9.290 kr.
Aðeins 310 kr. á dag

Krakka stöðin HBO BRABO MARABON Vild G



Jólahlaðborð Hótel Sögu

Regína Ósk og Örn Árna sameina krafta sína á ný við undirleik Jónasar Þóris á jólahlaðborði Hótel Sögu í Súlnasal. Regína Ósk og Örn hafa heillað gesti í Súlnasal undanfarin ár.

Hinn eini sanni Siggi Hlö þeytir skífum fram á nótt.

Ekki missa af girnilegum jólakræsingum og frábærri skemmtun á Hótel Sögu.

Föstud. 20.11	Laugard. 21.11
Föstud. 27.11	Laugard. 28.11
Föstud. 04.12	Laugard. 05.12
Föstud. 11.12	Laugard. 12.12

Jólahlaðborð í Súlnasal. Verð kr. 10.500 á mann.

Bókaðu þinn hóp á hotelsaga@hotelsaga.is eða í síma 525 9930

www.hotelsaga.is

smáauglýsingar

FRETTABLAÐIÐ

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin alla virka daga frá 8-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á vísir.is

smaar@frettabladid.is / vísir.is

BÍLAR & FARARTÆKI

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

Kia cee'd EX 1.6. Árgærd 2014, ekinn 12 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.950.000. Rnr.991414. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

MERCEDÉS-BENZ E 220 cdi. Árgærd 2015, ekinn 6 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 8.990.000. Rnr.280029.

TOYOTA Yaris terra. Árgærd 2007, ekinn 122 PKM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.290.000. Rnr.991362.

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR

VOLVO Xc60. Árgærd 2014, ekinn 20 PKM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.490.000. Rnr.991527.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is

100 BÍLAR.IS

Hyundai I20 Classic, 5/2014, ek 53 þús km, beinsk, dísel, ásett verð 2290 þús, tilboðsverð 1950 þús.

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar,
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga. Lokað á laugard.
www.100bilar.is

Bílalíf



VERÐ AÐEINS 490P !!!!
MERCEDÉS-BENZ SPRINTER 412D 17 MANNA. Árgærd 1998, DÍSEL, 5 gjárar. VERÐ AÐEINS 490P.KR. 100% LÁN MÖGULEGT Rnr.127037. TIL SÝNIS OG SÖLU HJÁ BÍLALÍF BÍLASÖLU - SÍMI 562-1717

SKJÓLFSKIPTUR 4X4. SUBARU Impreza, árgærd 2008, ekinn aðeins 68þ.km. sjálfskiptur. Svakalega vel með farið eintak! Verð 1.990.000. Rnr.250273. Til sýnis og sölu á Bílalíf.

SKJÓLFSKIPTUR 4X4. SUBARU Impreza, árgærd 2008, ekinn aðeins 68þ.km. sjálfskiptur. Svakalega vel með farið eintak! Verð 1.990.000. Rnr.250273. Til sýnis og sölu á Bílalíf.

SKJÓLFSKIPTUR 4X4. SUBARU Impreza, árgærd 2008, ekinn aðeins 68þ.km. sjálfskiptur. Svakalega vel með farið eintak! Verð 1.990.000. Rnr.250273. Til sýnis og sölu á Bílalíf.

SKJÓLFSKIPTUR 4X4. SUBARU Impreza, árgærd 2008, ekinn aðeins 68þ.km. sjálfskiptur. Svakalega vel með farið eintak! Verð 1.990.000. Rnr.250273. Til sýnis og sölu á Bílalíf.

Bílalíf
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 562 1717
Opíð 10-18 virka daga
www.bilalif.is

BORGARBÍLASALAN
580 8900 - borgarbilasalan.is



HÖFÐINGINN
Benz MI 320 cdi 2006 árg ekin 193 þ km leður lúga dráttabreiðli besta verð 3.280.000 Rnr.450520 Sími 580-8900

SKJÓLFSKIPTUR 4X4
SUZUKI Grand vitara 2,0. Árgærd 2002 ekinn 202 þ km nýskoðaður og yfirfarinn sjálfskiptur. Besta verðið 640.000.ísalán í boði Rnr.450472. sími 580-8900

SKJÓLFSKIPTUR 4X4
SUZUKI Grand vitara 2,0. Árgærd 2002 ekinn 202 þ km nýskoðaður og yfirfarinn sjálfskiptur. Besta verðið 640.000.ísalán í boði Rnr.450472. sími 580-8900

HLAÐINN BÚNAÐI
NISSAN Armada Árgærd 2006 ekinn 83 þ km með öllum búnaði besta Verð 3.880.000. Rnr.104162. sími 580-8900

HLAÐINN BÚNAÐI
NISSAN Armada Árgærd 2006 ekinn 83 þ km með öllum búnaði besta Verð 3.880.000. Rnr.104162. sími 580-8900

Borgarbílasalan
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900

bilauppbod.is

PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

Bílar til sölu

Toyota Corolla árg.1998, beinskíptur, ek.190þús. Parfnast lagfæringa. Tilboð óskast. Uppl. í s. 895 6820.

Toyota Corolla árg.1998, beinskíptur, ek.190þús. Parfnast lagfæringa. Tilboð óskast. Uppl. í s. 895 6820.

500-999 þús.



STATION - TOPP EINTAK!
FORD FOCUS TREND STATION árg '05 ek.125 þús, bsk, sk.16 ný kúpling, búið að skipta um tímareim, ásett verð 990 þús TILBOÐ 890 ÞÚS möguleiki á 100% ísaláni, er til sýnis og sölu hjá Hörðahöllinni Funahöfða 1. S: 567 4840

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

0-600 STADGREITT

Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoða allt. Jeppa, fólkabíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 776 7507

Pallbílar

PICKUP OG HJÓL!!

Pickup með stórum palli og góður yamaha krossari til sölu selst á góðu verði saman! S:8623905

Sendibílar

568 5000 NS
SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

Rörablásari

100 mm

Tilboð frá kr 12.990



Blússlampar



Tilboð frá kr 9.990

Þakblásarar



Tilboð frá kr 29.990

Kælar - frystar

Allar stærðir - með eða án vélakerfa



Hitavír

Í þakrennur, frostvörn eða vatnslagnir.

Tilboð frá kr 1450



Handþurrkari

2100 wött

Tilboð frá kr 14.990



Hljóðlátur

100 mm

Tilboð frá kr 29.990



Hitablásari

Vatnshitablásari í bílskúrinn

Tilboð frá kr 69.990



Hraðastýring fylgir

Bjargvættur

300 mm

Tilboð frá kr 34.900



Íðnaðarviftur

-Úrval af stærðum og gerðum



Þurrkpakki

-þurrkaðu eftir vatnstjón



Loftviftur

Tilboð frá kr 22.900



íshúsið



viftur.is

-andaðu léttar

S:566 6000 • Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Vélsleðar

SR Viper M-TX
 árg. 2016



Verð frá
 kr. 2.690.000,-

FORKAUPTILBOÐ:
 200.000 króna inneign
 Gildir til 20. nóvember

YAMAHA
 Kletthálsi 3
 sími 540 4900

ARCTIC TRUCKS
 yamaha.is

Hjólbarðar

VAKA



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
 Ný og notuð dekk í miklu úrvali.
 Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S:
 567 6700.

Varahlutir

JAPANSKAR VÉLAR EHF.
BÍLAPARTASALA

Erum að rífa flestar teg. frá Asíu og Evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Ópið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarveilar.is

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
 Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
 Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

INNIMÁLUN
 Get bætt við mig verkum innandyrna í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com

REGNBOGALITIR

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningagj. Miklaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Parketslípun
 sólpallaslípun | parketlagnir
 551 1309 / 890 5115
 golflist@golflist.is
 www.golflist.is



Húsviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN
 Getum bætt við okkur verkum í flísalögnum, múrverki og múrviðgerðum.
 Áratuga reynsla og vönduð vinnubrögð
Tímavinna og tilboð
Strúctor byggingaþjónusta ehf.
 S. 893 6994

VANTAR ÞIG IÐNAÐARMENN?



Við þjónustum þig með litil sem stór verk.
 Tímavinna eða tilboð.
 Sími 544-4444 / 777-3600
 www.jalidnadmenn.is

MARKMÍÐ VERKTAKAR

ALHLÍÐA FASTEIGNAVIÐHALD

Smíðavinna - Pípulagnir
 Raflagnir - Málningavinna
 Múrviðgerðir - Flísalagnir
 Hellulagnir - Jarðvinna
 Lóðavinna

Tilboð þér að kostnaðarlausu.
 Uppl. í síma: 820 8888

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss, uppslátt og fl. Áratuga reynsla. S. 867 7753

Nudd

NUDD
 Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025
 Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti. Lóggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

Trésmíði

INNRETTINGAR.IS
 Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, tilboð eða tímavinna S. 7740866

Viðgerðir

Heimilistæki - Viðgerðarþjónusta. Sækjum og skilum. Casa-Raf ehf S. 845 5976

Önnur þjónusta



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMÉÐFERÐ.
 Viltu léttast, takast á við kvíða, streyту, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.
Tímabantanir í síma 864-1273

KEYPT & SELT

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupungull.is
Ópið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjalddeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

Verslun



NÝ SENDING KOMIN!

WE-VIBE IV - Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægjarkremið sem virkar, 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró. Sendum um allt land www.hush.is



Zolo ferða múffa. 6.890,-kr
EROS
 erotic store
 www.eros.is
 Lágmúli 7

HEILSA


Nudd

TANTRA NUDD
 Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.



Barnaheill
 See the Children's Island

Vissir þú að...
 barnheill er minn barninn eftir þú
 hvar ferðir þú á gæta.

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabíl.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
 stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.



Arnór ætlar að skoða sín mál á næstunni og vill helst koma þeim í farveg fyrir EM í janúar. FRÉTTABLAÐID/AFP

Arnór Atlason

Aldur: 31 árs
Uppeldisfélag: KA
2004-06: Magdeburg
2006-10: FCK Håndbold
2010-12: AG København
2012-13: Flensburg
2013-?: St. Raphael

Arnór að kveðja Frakkland

Landsliðsmaðurinn Arnór Atlason reiknar ekki með því að spila áfram með St. Raphael í Frakklandi. Hugurinn leitar á aðrar slóðir og hann útilokar ekki þann möguleika að koma heim næsta sumar.

HANDBOLTI „Ég var að koma heim og er strax farinn að pakka fyrir ferðalag morgundagsins með liðinu mínu,“ segir landsliðsmaðurinn Arnór Atlason en hann var þá nýkominn heim til Frakklands eftir helgardvöl með landsliðinu í Ósló.

Þar stóð íslenska liðið sig mjög vel á fjögurra þjóða móti. Lagði Noreg og Frakkland en tapaði fyrir Dönum.

„Það var frábært hjá okkur að vinna tvo leiki. Það var alls ekki sjálfgefið miðað við áföllin sem við urðum fyrir í aðdragandanum og mennina sem vantaði. Strákarnir sem komu inn voru fljótir að læra og komu vel inn í

þetta. Sérstaklega þeir sem þurftu að spila fyrir miðri vörninni. Það er ekkert djókt að koma glænýr inn í þá stöðu og gegn þessum liðum,“ segir Arnór afar jákvæður með helgina en sjálfur spilaði hann mikið og stóð sig vel.

Jákvætt mót í Osló

„Við höldum dampi vel. Það var langt síðan við komum saman og við náðum aðeins þremur æfingum fyrir mótið. Miðað við allt þetta fannst mér þetta líta vel út hjá okkur. Þetta var mjög jákvætt mót.“

Arnór sagði við danska fjölmiðla eftir mótið að hann væri jákvæður fyrir

því að koma aftur þangað. Samningur hans við franska félagið St. Raphael er að renna út og hann gerir ekki ráð fyrir því að vera þar áfram.

„Það er aldrei neitt öruggt og maður veit aldrei. Þeir eru samt búnir að kaupa Sarmiento frá Barcelona þannig að það verður þrengra á þingi. Við höfum ekki rætt saman, þeir hafa ekki boðið mér neitt og ég reikna síður með því að vera áfram hjá félaginu. Ég veit ekki hvort þeir ætla að bjóða mér eitthvað en ef þeir gera það er ekkert víst að ég vilji taka því.“

Skortur á fagmennsku

Það má heyra á Arnóri að hann sé ekkert allt of spenntur fyrir félaginu. Samt hefur gengið vel hjá því og Arnór að spila mikið. Hann hefur einnig verið til-tilulega heppinn með meislari eftir nokkuð langa meiðlasögu.

„Lífið hérna hefur verið stórkostlegt en hlutir sem snúa að handboltanum hafa ekki alveg verið eins og ég vonaðist til. Ég hef ekki verið ánægður og fannst meira gaman þar sem ég var áður. Kannski var ég orðinn of góður vanur. Ég veit það ekki. Ég spilaði í frábærum liðum með frábærum þjálfurum. Það sem ég er ósáttur við er blanda af mörgu. Auðvitað höfum við náð góðum árangri eins og þriðja sætinu á síðasta tímabili. Það hefur vantað herslumuninn og stundum verið svöltilill skortur á fagmennsku þó svo þetta sé þriðja besta lið Frakklands.“

Hugurinn leitar á gamlar slóðir

Arnór lék lengi með FCK og ofurliði AG í Danmörku og svo með Magdeburg og Flensburg í Þýskalandi. Hann horfir á þessi lönd þó svo hann loki ekki dyrunum á annað.

„Ég hef mikla tengingu við Danmörku eftir góð ár þar sagði ég við danskan blaðamann og hann sló því upp að ég væri á leið þangað. Hið sanna er að ég er opin fyrir öllu en ég hef lært að maður veit aldrei hvað gerist. Hugurinn leitar þó ósjálfrátt svöltilið til Danmerkur og Þýskalands,“ segir hinn 31 árs gamli Arnór en hann er svöltilið farinn að horfa til framtíðar enda aðeins kominn á handboltaaldur.

„Það gefur augaleið að það eru ekki margir samningar eftir. Ég tek bara einn í einu. Svo er ég auðvitað með fjölskyldu og á einhverjum tímapunkti viljum við flytja heim og hefja okkar líf þar. Ég reikna ekki með að það verði strax en það er samt ekki alveg útilokað þó svo það sé ekki fyrsti valkostur.“

Það er vissulega mjög áhugavert að



Arnór vann tvo deildarmeistarátitla með ofurliði AG í Danmörku. FRÉTTABLAÐID/EPA

Arnór útiloki ekki að koma heim næsta sumar. Það virðist þó mikið þurfa að gerast til að af því verði.

„Ég hef engar áhyggjur af því að ég fái ekki samningstilboð en það er bara spurning hvort ég muni sætta mig við það sem verður í boði.“

Þessi fjölhæfi leikmaður segist hafa verið afar rólegur yfir stöðu sinna mála en segir að það sé ekki vitlaust að fara að skoða stöðuna núna. Hann myndi gjarna vilja fá sín mál í góðan farveg áður en EM hefst í janúar.

„Við fjölskyldan þurfum að átta okkur á því hvað við viljum gera. Ég neita því ekki að það væri ljúft að hafa þetta klárt eða langt komið fyrir EM. Það stendur til að skoða mína möguleika á næstunni.“ henry@frettabladid.is

RÚSSAR BORNIR ÞUNGUM SÖKUM

Alþjóðalyfjaeftirlitsstofnunin, WADA, opinberaði í gær svarta skýrslu um meinta svindlstarfsemi í rússneskum frjálsíþróttum. Í ítarlegri skýrslu er stórfelld lyfjamisnotkun rússneskra frjálsíþróttamanna útlitstuð en WADA mælir með því að Rússum verði meinuoð þátttaka í alþjóðlegum frjálsíþróttamótum vegna þessa.

Dick Pound, fyrrverandi forseti WADA, var í forsvari fyrir þriggja manna nefnd sem samdi skýrsluna og vill að fimm rússneskir frjálsíþróttamenn og -þjálfarar verði dæmdir í lífstíðarban. Meðal þeirra eru verðlaunahafar frá síðustu Ólympíuleikum.

Sebastian Coe er nýr formaður Alþjóðafrjálsíþróttasambandsins og hann gaf Rússum frest til vikuloka til að svara þeim ásökunum sem varpað er fram í skýrslunni. Alþjóðaólympíusambandið harmaði innihald skýrslunnar í yfirlýsingu sinni í gær.

SVERRIR HAFNAÐI TINDASTÓLI Enn er óvist hver tekur við þjálfun Tindastóls eftir að Finnanum Pieti Poikola var sagt upp störfum að loknum aðeins fjórum umferðum í Domino's-deild karla í körfubolta.

Sverrir Þór Sverrisson, fyrrverandi þjálfari Grindavíkur, staðfesti í gær að forráðamenn Tindastóls hefðu

sett sig í samband við hann. Sverrir þurfti þó að gefa afsvar vegna anna.

„Þetta er spennandi starf þar sem þetta er hörkulið og það hefur mikið verið að gerast í körfunni hjá Tindastóli undanfarið. Ég hef bara ekki tíma í þetta og fór ekki einu sinni í viðræður,“ sagði Sverrir Þór í samtali við Vísir í gær.

Tindastóll tekur á móti botnliði Hattar í deildinni í Síkinu á Saudárkróki á fimmtudagskvöld.

Til hamingju @biggigolf með frábæran árangur! Kominn á lokastigið á @EuropeanTour! Nú er bara að loka því!

Rikharð Óskar Guðnason
@Rikkigje

BIRGIR LEIFUR KOMST ÁFRAM Kyllingurinn Birgir Leifur Hafþórsson tryggði sér í gær áframhaldandi þátttökurétt á úrtökumótariðinni fyrir næsta keppnistímabili á Evrópumótariðinni í golfi. Birgir Leifur tryggði sig inn á lokastig úrtökumótaraðarinnar er hann hafnaði í 8.-12. sæti á níu höggum undir pari. Hann lék alla fjóra dagana undir pari. „Ég gerði það sem þurfti til þó ég færi erfiðari leið að þessu í dag,“ sagði Birgir Leifur í samtali við íþróttavef Vísis í gær.

Lokaúrtökumótið hefst á laugardaginn, í Giróna á Spáni. Þar mun á annað hundrað kyllinga keppa um 25 laus sæti á Evrópumótariðinni næsta keppnistímabili.

Í dag

19.30 Fylkir - Fram

Fylkishöll

**VÖRUHUSA
 Í REINSUN!**

**ALLT AÐ
 80%
 AFSLÁTTUR!**

**ADEINS
 Í ÖRFÁA
 DAGA!**

**TAKMARKAÐ
 MAGN**

rekkjan
 HEILSURÚM

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU Á AÐEINS 1000 KR FM!

129 - 5000 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sværrir í s. 661 7000

WWW.LEIGUHERBERGI.IS

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

gsm 777 1313

leiga@leiguherbergi.is

Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódyrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m². Nýtt, upphitað og vaktad. S: 564-6500

GEYMSLULAUSNIR.IS

Upphitað og vaktad geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna óskast

VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

Proventus starfsmannþjónusta - Proventus.is S. 782-8800

Maður vanur bílaviðgerðum, trailer, gröfum og rafvirkjun óskar eftir vinnu. Er með AD réttindi og vinnuvélaréttindi. Búsettur í Njarðvík en allt kemur til greina. S. 615 0628.

TILKYNNINGAR

Einkamál



SKYNDIKYNNI

Karlar: 905-2000 / 535-9920
Konur og karlar auglýsa frítt: 535-9923

Skyndikygni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is

Makaskipti? Swinging? Þríhyrningar? Cuckold? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsgöðu. Allar upplýsingar hér: Makaskipti.eu

ÍSLENDINGAR.EU

Ertu í makaleit? Langar þig á stefnumót? Ertu með frjálslýnda hugsun? Íslendingar.eu bjóða upp á frábær samskiptatækifæri - frítt, að sjálfsgöðu. Líttu við! Íslendingar.eu



FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

Forsætisráðuneytið auglýsir, vegna skipulagsbreytinga, laust til umsóknar embætti skrifstofustjóra á nýrri skrifstofu þjóðhagsmála í forsætisráðuneytinu.

Helstu verkefni skrifstofunnar eru:

- Að annast eftirfylgni með efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar
- Að hafa yfirsýn yfir innlend og erlend efnahagsmál
- Að annast samskipti við aðila vinnumarkaðarinnar

- Að hafa umsjón með ráðherranefnd um efnahagsmál og ráðherranefnd um ríkisfjármál
- Að annast samskipti við Hagstofu Íslands
- Að annast samskipti við önnur ráðuneyti og stofnanir á sviði þjóðhagsmála

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun og meistaraþráða í hagfræði
- Viðtæk þekking og reynsla á sviði þjóðhagsmála
- Reynsla af störfum innan stjórnsýslunnar
- Hæfni og reynsla í að leiða stefnumótun, samráð og undirbúning verkefna á sviði þjóðhagsmála
- Forystu-, samskipta- og skipulagshæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að setja fram mál í ræðu og riti

Að auki skulu umsækjendur fullnægja almennum starfsgengisskilyrðum skv. 6. gr. laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk.

Senda skal umsóknir sem m.a. lýsa hvernig umsækjendur uppfylla ofangreindar menntunar- og hæfniskröfur skriflega til forsætisráðuneytisins, Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík eða með tölvuþósti á pósthfang ráðuneytisins: postur@for.is

Í samræmi við 19. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, verður sérstök hæfnisnefnd skipuð til að fjalla um hæfni umsækjenda.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt ákvörðun kjararáðs.

Nánari upplýsingar veitir:

Ragnhildur Arnljótsdóttir, ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytisins, í síma 545-8400.



Birtingakvísl 54

OPIÐ HÚS Í DAG

Þriðjudaginn 10.nóv kl. 17:30-18:00

Bokaðu skoðun: **Helgi Jónsson** aðstn. fasteignasala sími: 780 2700 helgi@miklaborg.is

Próstur Þórhallsson löggitur fasteignasali sími: 897 0634 thorstur@miklaborg.is

Mjög snyrtilegt 187,9 fm 7 herbergja raðhús með 28,2 fm bílskúr, samtals : 216,1fm.

5 svefnherbergi. 2 baðherbergi.

Eignin er laus við kaupsamning.

Suður garður.

Verð: **55,9 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG 569 7000** Lágmlana 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggitur fasteignasalar

- með þér alla leið -



FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

Hamraborg 26 – 2ja herbergja útsýnisíbúð á 8. hæð.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ HÚS

Vel skipulögð 51,5 fm. íbúð á efstu hæð með vestur svölum. Glæsilegt útsýni af svölum og flestum rýmum íbúðar. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni. Aðgangur að sameiginlegri bílageymslu.ta miðborgarinnar, Skerfajörðinn og að Bessastöðum. Eignin er laus og til afhendingar við kaupsamning. Verð 22,9 millj. Íbúð merkt 0804. Verið velkomin.

Freyjugata 28 - Efri hæð og ris.

Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45



OPIÐ HÚS

Frábærlega staðsett 9 herbergja efri hæð og ris, samtals 143,6 fm. að stærð, í virðulegu steinhúsi við Freyjugötu. Verulega aukin lofthæð er á aðalhæð íbúðarinnar og fallegar hurðir og dyraumbúnaður.

Lóð hússins: er mjög stór, tyrfð og frágengin með steiptum veggjum allt í kring. Verð 59,9 millj.

Staðsetning eignarinnar er afar góð og með fallegu útsýni yfir Listasafn Einars Jónssonar og listaverkin í garðinum í kringum það.



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veidniþýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf
Árleyni 22, 112 Reykjavík, Sími 5806300,
Netfang: veidimalastofnun@veidimal.is, Vefang: www.veidimal.is

Staða sérfræðings í verkefni vegna vatnastjórnunar er laus til umsóknar

Veidimálastofnun auglýsir eftir sérfræðingi í verkefni er lúta að áhrifum virkjana á vatnalíf og vegna vatnastjórnunar.

Starfið felst í vinnslu og framsetningu gagna um lífríki vatna. Um tímabundið verkefni er að ræða sem stendur í 1 ár. Möguleiki er á framhaldsvinnu. Um fullt starf er að ræða og tilheyrir staðan umhverfissviði stofnunarinnar.

Umsækjendur þurfa að hafa lokið háskólaprófi á framhaldsstigi á fagsviðum Veidimálastofnunar eða öðru námi sem nýtist í starfinu. Starfið krefst mikillar vinnu með öðrum sérfræðingum innan og utan stofnunarinnar. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu af rannsóknum og þróunarstarfi, verkefnastjórn og vinnu með gagnagrunna. Umsækjendur þurfa að búa yfir góðri færni í mannlegum samskiptum og sjálfstæðum vinnubrögðum. Æskilegt er að umsækjandi geti hafið störf sem fyrst. Ekki eru notuð sérstök umsóknareyðublöð.

Umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá berist í síðasta lagi **23. nóvember** til Veidimálastofnunar, Árleyni 22, 112 Reykjavík eða á netfangið sg@veidimal.is Laun samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttafélags.

Nánari upplýsingar veitir **Sigurður Guðjónsson** (sími 5806310) forstjóri Veidimálastofnunar sg@veidimal.is Öllum umsóknum verður svarað.

Veidimálastofnun er rannsókn- og ráðgjafarstofnun á sviði veiðniþýtingar og vatnalífrræði. Stofnunin er með 4 starfstöðvar og þar starfa um 20 manns.



Landsvirkjun

Útboð nr. 2020 Fóðringar fyrir borverk á Norðausturlandi

Landsvirkjun óskar eftir tilboðum í fóðringaefni samkvæmt útboðsgögnum nr. 20200.

Fóðringarnar verða notaðar í allt að tíu 2500 m djúpar háhitaborholur sem áætlað er að bora á árunum 2016-2018 á Norðausturlandi.

Helstu stærðir eru:

- 160 m of 24 1/2", 140 lbs/ft, X56, API Spec 5L, PSL 1
- 1.100 m of 18 5/8", 87,5 lbs/ft, X56, API Spec 5L, PSL 1
- 1.800 m of 13 3/8", 68 lbs/ft, K55, API Spec 5CT
- 9.300 m of 9 5/8", 47 lbs/ft, K55, API Spec 5CT
- 15.100 m of 7" lbs/ft, K55, API Spec 5CT

Afhendingardagur er 15. maí 2016, DAP Húsavíkurhöfn.

Útboðsgögn eru aðgengileg á útboðsvef Landsvirkjunar, <http://utbod.lv.is>

Tilboðum skal skila til Landsvirkjunar, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík, fyrir klukkan 12:00 þriðjudaginn 1. desember 2015 þar sem þau verða opnuð kl. 14:00 sama dag og lesin upp að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

TÍMAMÓT



Móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,
Guðrún Jóhannesdóttir Michelsen

Ljósheimum 2,

andaðist 4. nóvember á Hrafnistu í Reykjavík. Útför hennar fer fram frá Áskirkju miðvikudaginn 11. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeir sem vilja minnst hennar láti líknarstofnanir njóta þess.

Anna Sigrún og Jóhanna Björnsdætur



Alúðarþakkir fyrir auðsýnda samúð og vináttu vegna fráfalls móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Sigríðar Sæmundsdóttir

Hjúkrunarheimilinu Söltúni, áður Skúlagötu 20.

Fyrir hönd aðstandenda,

Steindór Eiðsson Tana Tanapon
Helga Eiðsdóttir
Sæmundur Eiðsson Elva Björk Sigurðardóttir
Katrín Eiðsdóttir Finnbogi Þorláksson
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Jóhanna Sigurbjörg Markúsdóttir (Lilla)

Fensölum 6, Kópavogi, lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu laugardaginn 7. nóvember.

Aldís Guðmundsdóttir Bjarni Þormóðsson
Gerður Guðmundsdóttir Óskar Þorbergsson
Már Guðmundsson Björg Sigmundsdóttir
Berglind Guðmundsdóttir Sigurður Björnsson
ömmubörn og langömmubörn.



Ástkær sonur, faðir, bróðir, afi og tengdafaðir,

Gunnar Gíslason

lést í Loen í Noregi 24. október 2015 eftir veikindi.

Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

Guðrún Anna Yngvadóttir
Guðrún Helga Gunnarsdóttir
Ellen Dröfn Gunnarsdóttir
Gunnar Gunnarsson
Rögnvaldur Þór Gunnarsson
Sigríður Gísladóttir
Brynja Steinþóra Gísladóttir
Jón Elli Guðjónsson
Óðinn Albertsson
og barnabörn.



Í mynd Ísaks, Aleinn?, er deilt á vinnubrögð lögreglu auk þess sem Litla-Hraun kemur við sögu enda gerist myndin á Eyrarbakka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Frumstýnir stuttmynd á 18 ára afmælisdaginn

Ísak Hinriksson frumsýnir sína fyrstu mynd sem skartar stórleikurum í aðalhlutverki.

„Ég ákvað eiginlega að frumsýna myndina á afmælisdaginn til þess að setja annað í forgrunn, ég er ekki mikill afmælismaður,“ segir Ísak Hinriksson, sem í dag frumsýnir stuttmyndina sína Aleinn? á 18 ára afmælisdaginn sinn.

Þetta er fyrsta mynd Ísaks sem hefur þó tölurverða reynslu af því að vera á hvíta tjaldinu sjálfur. „Ég hef verið að leika og verið í kringum leikhúsin frá því ég man eftir mér, lék meðal annars í kvikmyndunum Svartur á leik, Falskur fugl og Grafir og bein. Ætli áhuginn sé ekki sprottinn þaðan. Maður fær reynslu af því að vera fyrir framan myndavélina og langar þá að gera eitthvað meira úr því. Síðan langaði mig líka að skrifa og þegar maður byrjar á því langar mann að gera meira af því. Mér fannst mjög skemmtilegt í tökuferlinu að heyra leikarana fara með setningar sem ég hafði skrifað, þá finnur maður að þetta er eitthvað sem maður vill gera,“ segir Ísak.

Handritið að myndinni skrifaði hann sumarið 2012, sama ár og fanginn Matthías Máni strauk af Litla-Hrauni en mikið var fjallað um það í kringum jólin það sama ár. „Það er svolítið fyndið

Myndin fjallar um eldri mann á Eyrarbakka sem er að fara að halda upp á aðfangadag þegar óvæntan gest ber að garði.

að handritið er mjög líkt því að mörgu leyti. Myndin fjallar um eldri mann á Eyrarbakka sem er að fara að halda upp á aðfangadag þegar óvæntan gest ber að garði. Ég er með mjög skrýttinn áhuga á eldri körlum, hef alltaf haft gaman af því að umgangast eldri karla og sjá hvernig þeir haga sér. Svo var ég búinn að vera mikið í kringum Litla-Hraun og Eyrarbakka af því að við fjölskyldan erum með hesta á Eyrarbakka. Ég fór að sjá atburðarás þar í kring,“ segir hann. „Í myndinni er dregin upp ljót mynd af lögreglunni, það mætti halda að ég ætti eitthvað vantalað við lögregluna, en svo er ekki. Sem betur fer,“ segir Ísak.

Myndin var tekin upp á Eyrarbakka í fyrra og skartar einvalaliði leikara. Þeir

Theódór Júlíusson, Styr Júlíusson og Björn Jörundur Friðbjörnsson eru í stærstu hlutverkunum en auk þess leika þau Kristján Halþórsson, Guðjón Þorsteinn Pálmarsson og Esther Talía Casey í myndinni. Ísak segist alltaf vera að fá hugmyndir. „Ég reyni að skrifa eins og ég get og losna ekki við að fá hugmyndir. Mig langar að prófa að skrifa bók líka. Það tekur svo mikinn tíma að framleiða kvikmynd og er kostnaðarsamt,“ segir Ísak sem fjármagnaði myndina að mestu leyti sjálfur en fékk lítinn styrk frá Kópavogsbæ. „Ég vann bara fyrir þessu. Fólk er að tala um að golf sé dýrt sport en ég held að kvikmyndagerð sé dýrasta sport sem þú getur verið í, þetta er auðvitað list en ekki sport. Þetta er mín fjárfesting til framtíðar – ég er að þjálfa mig og móta.“

Ísak er núna í Tækniskólanum á Upplýsinga og fjölmiðlabraut og stefnir á leiklistarnám í framhaldinu auk þess að gera vonandi fleiri myndir. Myndin verður frumsýnd í Bió Paradís klukkan 17.15 í dag. „Það eru allir velkomnir svo lengi sem húsrúm leyfir,“ segir Ísak.

viktoria@frettabladid.is

Við erum til staðar þegar þú þarft á okkur að halda

MEÐ VIRÐINGU OG KÆRLEIK Í 66 ÁR



Útfarar- og lögræðipjónusta
www.utfor.is



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Einar Kristjánsson

fyrirverandi skólastjóri á Laugum í Dalasýslu,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 31. október sl. Útför hans fer fram frá Háteigskirkju í Reykjavík föstudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Tómas R. Einarsson Ásta Svavarsdóttir
Ingibjörg Kr. Einarsdóttir Sigurður Rúnar Magnússon
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigvaldi Val Sturlaugsson

kennari, Sólheimum 23,

lést sunnudaginn 25. október.


Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Sérstakar þakkir til starfsfólks á A6 lungnadeild Landspítala í Fossvogi fyrir alúð og umhyggju.

Ingveldur Stella Sveinsdóttir
Sveinn Val Sigvaldason Úlfhildur Guðmundsdóttir
Steinar Bjarni Val Sigvaldason Inga Rún Ólafsdóttir
Sigurlaug Ásta Sigvaldadóttir Páll Rúnar Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.

GLAMOUR

ÍSLENSKT TÍMARIT

Komið í allar helstu verslanir




150+
hugmyndir að jólagjöfum
**JOLAGJAFNA
HANDBOK**
fyrir hana, hann, barnið
og heimilið!



KOMDU
Í ASKRIFT
Á 365.IS/GLAMOUR

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Veðurspá Þriðjudagur



Austan- og suðaustanátt á morgun með skúrum sunnan til, en snjókomu eða slýddu með köflum norðanlands. Hiti 0 til 5 stig, en vægt frost norðan- og austan til.

Miðvikudagur



Fimmtudagur



Þrautir

Krossgáta

- LÁRÉTT**
2. óskar
6. samtök
8. kvk. nafn
9. hár
11. í röð
12. hreinsa
14. eyðileggja
16. íþróttafélag
17. mál
18. fugl
20. mun
21. ógæfa
- LÓDRÉTT**
1. höfuð
3. gangbófi
4. klapp
5. háttur
7. vínandi
10. léreft
13. hljóð svína
15. bor
16. skordýr
19. hefleyfi

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÓDRÉTT: 1. hús, 3. lí, 4. íofatök, 5. lag, 7. alkóhól, 14. ónyta, 16. fh, 17. tal, 18. lóm, 20. ku, 21. ólán, 10. lín, 13. ryt, 15. alur, 16. fh, 19. ma.

Skák Gunnar Björnsson

Mueller fann mjög fallega vinningsleið gegn Botew árið 1989.



Hvítur á leik

1. Hc6! Bxc6 (1...Dxc6 2. Bxc6 Bxc6 og svartur getur enn barist) 2. Bh6! g6 3. Dxe5 og svartur gafst upp enda óverjandi mát. Björgvin Víglundsson varð Íslandsmeistari 65 ára og eldri.

www.skak.is Miðasala á EM komin í gang.

Sudoku

LÉTT

8	4		1	3		2	9
7			2			5	3
5	2		7	8			
		5	9				6
			2		1	8	
1			6			3	
	7		5				4
2			8				
3				4	6		

MIDLUNGS

	8	1		9	4			5
				7	2	8		
	6				1			
4	5	7			8	2		
			9		3			
7	8			1	5			
	6						1	
5			1					
2	5	6	9	4	7			

PUNG

				9	8			
		4			5	9		
						1	3	
4	2		5	9	6	7	1	
8			3				2	
				6				
6				4	8			
	9	2					7	
		5	6	1				

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri niú reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudokuro

7	4	5	9	8	1	6	3	2
6	2	1	7	3	5	4	9	8
3	8	9	2	4	6	1	5	7
9	3	8	4	1	7	2	6	5
1	6	2	5	9	8	7	4	3
4	5	7	3	6	2	8	1	9
8	7	3	6	5	4	9	2	1
2	9	6	1	7	3	5	8	4
5	1	4	8	2	9	3	7	6

8	9	7	4	2	3	5	1	6
4	6	2	5	1	8	3	7	9
1	3	5	6	7	9	2	4	8
5	2	8	7	3	1	9	6	4
3	4	9	8	5	6	1	2	7
6	7	1	2	9	4	8	3	5
2	5	3	9	6	7	4	8	1
7	1	4	3	8	5	6	9	2
9	8	6	1	4	2	7	5	3

9	2	7	1	3	6	5	4	8
1	8	3	5	9	4	6	2	7
4	5	6	7	8	2	1	9	3
6	7	8	3	1	9	4	5	2
2	9	1	4	5	8	7	3	6
3	4	5	6	2	7	8	1	9
5	6	4	9	7	3	2	8	1
7	3	2	8	4	1	9	6	5
8	1	9	2	6	5	3	7	4

Myndasögur

PONDUS



GELGJAN



BARNALÁN



ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR!
„Leikhús eins og það best gerist.“
(D.K/hugras.is)

LOKA-ÆFING
eftir Svövu Jakobsdóttur í uppsetningu Háaloftsins

AÐEINS TVÆR SÝNINGAR EFTIR!
8. nóv. kl. 19.00
13. nóv. kl. 20.30 – SÍÐASTA SÝNING!

Ein vinsælasta ballettsýning allra tíma



Svanavatnið

*St. Petersburg Festival Ballet
ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hátíðarballettinn frá Pétursborg sló í gegn fyrir tveimur árum með glæsilegri uppfærslu í Hörpu á einni fegurstu perlu dansbókmenntanna. Nú snúa rússnesku dansararnir aftur og flytja verkið ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands í sérstökum viðhafnarbúningi í Eldborg.



Eldborg

14. nóvember kl. 15:00 & 19:30

15. nóvember kl. 15:00 & 19:30

Börn 12 ára og yngri fá 50% afslátt af miðaverði í miðasölu Hörpu

Miðasala í síma 528 5050, á tix.is og harpa.is

www.harpa.is/svanavatnid

ICELANDAIR 

 Arion banki

 CENTER HOTELS

Fallegt sjónarspil eins og flugeldasýning er

DANS

★★★★★

Og himinninn kristallast

Hugmynd: Sigríður Soffía Nielsdóttir
Danshöfundur: Sigríður Soffía Nielsdóttir í samvinnu við dansarana

Tónlist: Jóhann Jóhannsson, Jóhann Friðgeir Jóhannsson, Valdimar Jóhannsson

Ljós: Björn Bergsteinn Guðmundsson

Búningar: Hildur Yeoman

Sviðsmynd: Helgi Már Kristinsson

Dramtúrg: Alexander Roberts

Dansarar: Aðalheiður Halldórsdóttir, Ásgeir Helgi Magnússon, Cameron Corbet, Halla Þórðardóttir, Hjördis Lilja Örnólfsdóttir, Lovísa Ósk Gunnarsdóttir og Þyri Huld Árnadóttir

Og himinninn kristallast er nýtt íslenskt dansverk eftir Sigríði Soffíu Nielsdóttur í uppþærslu Íslenska dansflokksins. Með verkinu gerir hún tilraun til þess að færa flugeldasýningu á svið með viðamikilli sviðsmynd, búningum og dönsurum.

Undanfarin ár hefur höfundur hannað flugeldasýningar Menn-

ingarnætur með sama hætti og hún myndi byggja upp framvindu dansverks. Hér er ásetningurinn að búa til dansverk sem er byggð upp eins og flugeldasýning með upphafi, risi og „grand finale“.

Verkið náði hins vegar aldrei þeirri uppbyggingu sem höfundur stefnir að. Kaflarnir eru of langir og taktur í verkinu fellur niður á milli atriða og þurfa þá dansarar að keppast við að ná upp tempói.

Öllu er til tjaldað þegar kemur að sviðsetningu og er höfundur einkar lunkinn við að raða í kringum sig góðu fólki. Búningar, sviðsmynd og ljós gera verkið mjög áferðarfagurt. Hins vegar var ekki nægilega gott samband milli sviðsetningar og dansins. Þegar leið á verkið virtust dansarar þjónusta sviðsmyndina en ekki öfugt. Til dæmis þegar Hjördis Lilja var dregin upp á kaðli án þess að neitt meira væri gert við það. Einnig má nefna eldgos sem brennur mjög handahófskennt í gegnum sýningu og virðist ekki vera í takt við hrynjandi verksins.

Tónlistin er magnþrungin og vekur epískar tilfinningar, sem stinga inn að beini.

Ljósinn voru ævintýralegr og unnu vel með glæsilegri sviðsmynd og búningum við að skapa fallegt sjónarspil eins og flugeldasýning er.

Enn og aftur sannast að Hildur Yeoman er einkar fær búninga-hönnuður. Búningar ljá verkinu afar fallega ásýnd og líkjast þeir fagurfræðinni sem tengist flugeldum.

Dansararnir stóðu sig allir stórvél. Þá virtist þó vanta skýrari stefnu innan vissra kafla þar sem nokkuð augljóst var að þeir voru að spinna á staðnum. Hreyfiefnið, þó fallegt væri, var full einhæft í túlkun sinni á flugeldum, mátti vera eldfimara og með meiri sprengikrafti. Hjördis Lilja átti marga mjög góða spretti og var dúett hennar og Ásgeirs Helga einn skýrasti punkturinn í verkinu. Þar var augljóslega búið að verja tímanum vel í æfingu efnisins.

Höfundur persónugerir flugeldana með rödd sem talar yfir hljóðkerfið með því að lýsa eðlisfræðilegri uppbyggingu flugelda og hættunni sem stafar af þeim. Þar varar hún okkur við að þeir séu heitir, hættulegir og að við eigum að forðast þá. Þar líkir hún döpru lífi flugelds við líf okkar. Hans eina



„Ljósinn voru ævintýralegr og unnu vel með glæsilegri sviðsmynd og búningum við að skapa fallegt sjónarspil eins og flugeldasýning er,“ segir í dómnum. MYND/ÍD

hlutverk er að fljúga upp, springa út og deyja fyrir ánægju annarra.

Lovísa Ósk átti mjög fallega senu þar sem hún hringsnýst á hringsviði í hringlaga búningi sem er upplýstur innan frá með ljósum. Sviðsljósinn hverfa og það eina sem verður eftir á sviðinu er þetta hringlaga form sem ferðast um í myrkrinu. Það líkist helst sólinni sem lokar yfirleitt flugeldasýningum og fellur hægt til jarðar. Þetta hefði verið góður

endapunktur verksins en höfundur ákveður að bæta einum kafla við sem ég tel einni senu ofaukið. Viðbótin náði ekki þeirri hæð að verða „stóri endapunkturinn“ eins og til stendur. Hún fellur flöt og skilur áhorfanda eftir ófullnægðan.

Kara Hergils

NIDURSTADA: Áferðarfagurt dansverk þar sem megináhersla virðist vera á útlit en ekki innihald dansins.



Ýlir – Tónlistarsjóður Hörpu fyrir ungt fólk hefur það að markmiði að styðja ungt tónlistarfólk og veita því tækifæri til að koma fram í Hörpu. Sjóðurinn styður við verkefni af ólíkum toga og vill þannig ýta undir fjölbreytt tónlistarlíf í húsinu.

ÝLIR
TÓNLISTARSJÓÐUR
HÖRPU FYRIR UNGT FÓLK

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

FREKARI UPPLÝSINGAR Á YLIR.IS

YLIR.IS



„Ég er svo heppin að geta starfað við tónlist,“ segir Þórhildur. MYND/DANIEL STARRASON

Beiting söngraddar í bíómyndum

Er nokkuð mennskara en röddin? nefnist fyrirlestur um sem Þórhildur Örvarsdóttir söngkona heldur í dag klukkan 17 í Verkmenntaskólanum á Akureyri, stofu M01. Þar lýsir hún ferli sínum í erlendra kvikmyndatónlist. „Ég hef sungið inn á nokkrar bíómyndir. Kvikmyndatónlist byggist mikið á stefjum sem gefa til kynna ákveðna karaktera og draga fram áherslur og áhrif. Ég hef sungið stef móður, kvenhetju og bernskuminninga, svo ég nefni dæmi – en ekki bara sakleysislegt sánd því nauðsynlegt er að geta beitt mörgum blæbrigðum raddarinnar.“

The Eagle og Man of Steel eru meðal mynda sem Þórhildur hefur sungið inn á. „Þessi verkefni komu til í gegnum bróður minn, Atla, sem er kvikmyndatónskáld og hefur verið búsettur lengi í Bandaríkjunum. „Ég söng ekki texta og

ekki lög, heldur bakgrunnstónlist sem tónskreytir myndirnar og á að hafa áhrif á undirmedvitund áhorfandans, ef allt virkar eins og það á að gera. Söngvarinn verður að vera vel meðvitaður um hvað er að gerast á tjaldinu og ná að draga fram videigandi tilfinningar,“ lýsir hún.

Þórhildur kennir við Tónlistarskólann á Akureyri auk þess að taka að sér verkefni við raddþjálfun. „Ég er svo heppin að geta starfað við tónlist og partur af því er að miðla minni þekkingu. Það hefur verið mikið að gera hjá mér frá því ég kom úr námi frá Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn vorið 2008. Nú er ég til dæmis að raddþjálfva í The Voice á Skjá einum.“

Auk þess sem að ofan er talið er Þórhildur í hljómsveitinni Torrek og Norðurlandsdeild KÍTÓN, samtaka kvenna í tónlist. –gun

Í kappi við tímann

BÆKUR
Dimma
Ragnar
Jónasson

★★★★★

Veröld

Þreytti og vonsvikni rannsóknarlögreglumáðurinn sem á erfiðleikum

í einkalífnum og er annaðhvort alveg að detta í eftirlaun eða verður rekinn á hverri stundu vegna skapgerðar-bresta er miðlægur í mörgum þeirra glæpasagna sem mestri útbreiðslu og lesendum hafa náð. Sem glæpasöguætu til margra ára hefur mér þótt vanta samsvarandi rannsóknarlög-reglukonur í glæpasögur á bókarformi þó sjónvarpsþáttaraðir skarti mörgum skemmtilegum kvenhetjum í þessu staðlaða hlutverki.

Það var því með miklum væntingum sem ég sókkti mér niður í Dimmu, þar sem sagan hverfist um rannsóknarlögreglukonuna Huldu sem uppfyllir flest ofantalinna skilyrða fyrir glæpasöguhetju. Hún er sextiu og fjögurra ára ekkja sem hefur fát til að lifa fyrir nema starfið sem hún sinnir af elju og eldmóði. Einkalífið hefur verið í molum árum saman en virðist aðeins tekið að glæðast þegar þarna er komið sögu og þó hún viti að starfslokin eru skammt undan telur hún sig hafa nægan tíma til að búa sig undir þau. Það breytist þó þegar henni er ýtt til hliðar fyrir ungan karlmann og gert að hætta að vinna innan tveggja vikna. Hulda, sem hefur áratugum saman þurft að þola yfirgang í starfi vegna kynferðis síns og ítrekað rekið sig á glerþakið margumrædda, er ekki sát við þessi málalok og ákveður að velja sitt síðasta sakamál af kostgæfni. Hún hefur rannsókn á andláti rússnesks hælisleitanda í kapphlaupi við tímann um að ná að leysa málið áður en starfsævi hennar lýkur.

Bókin fer vel af stað og virðist ætla að taka á stórum málum eins og stöðu kvenna innan lögreglunnar og lífi hælisleitanda á Íslandi. Mikill metnaður er lagður í að skapa trúverðuga persónu úr Huldu sem verður aðeins á kostnað þeirra sem hún hittir við rannsókn málsins sem verða á köflum einsleitir fulltrúar ákveðinna manngerða eða skoðana frekar en raunverulegt fólk. Þar má kannski sérstaklega nefna vinnufélag hennar á lögreglustöðinni og starfsmenn hótels sem hýsir hælisleitendur. Atburðir úr lífi Huldu eru kynntir meðfram aðalsögunni og lengi framan af, og eiginlega allan tímann, er óljóst hvaða erindi sú saga á í þeim búningi sem hún er sett fram. Af tillitssemi við lesendur verður ekki farið nánar út í söguþráð bókarinnar en látið nægja að segja að þar er margt sem hefði mátt ígrunda betur og gefa sér meiri tíma til að vinna. Eiginlega má segja að hvorug sagnanna tveggja sem sagðar eru samhliða nái að blómstra í því samlífi og spurning hvort hefði verið betra að segja þar hvora í sínu lagi. Þar geldur persónusköpun Huldu sérstaklega fyrir sem er synd því hún er lengi framan af áhugaverð persóna. Endirinn kemur á óvart en skilur lítið eftir sig og þegar upp frá lestri er staðið er óljóst hver tilgangur höfundarins var með því að segja þessar sögur.

Glæpasagnahöfundar, einkum þeir sem eins og Ragnar Jónasson hafa náð hylli erlendis, eru undir stöðugri pressu að senda frá sér nýja bók á hverju ári. Í þessu tilfalli virðist gott upplegg og góð hugmynd gjalda fyrir þessa tímappressu því með aðeins meiri yfirlegu hefði þessi bók getað orðið miklu betri.

Brynhildur Björnsdóttir

SAMANTEKT: Ágætlega af stað farið en næst ekki að vinna vel úr göðum hugmyndum.



Ástsælir þýskir dúettar

Þær Hallveig Rúnarsdóttir sópran og Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzó-sópran hefja upp raustir sínar í Hannesarholti við Grundarstíg í kvöld, 10. nóvember og Hrönn Þráinsdóttir píanóleikari fer fimum fingrum um hljóðfærið.

Tónleikana kalla þær því fallega nafni: Kveðjusöngur farfuglanna, dúettar & sönglög.

Þær stöllum ætla að flytja nokkra af ástsælustu dúettum þýsku ljóðatónbókmenntanna.

Á efnisskránni eru eftir Mendelssohn og Schumann, ásamt einsöngs-

Úr efnisskránni

Eftir Schumann flytja þær stöllum meðal annars:

Frühlingslied
An die Nachtigall

lögum eftir Brahms, svo sem Von ewiger Liebe og Immer leiser wird mein Schlummer.

Dagskráin hefst klukkan átta og stendur í um það bil klukkutíma.

–gun



Hrönn og Hallveig á æfingu. Guðrún Jóhanna hefur brugðið sér frá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

365

Vild

Skráðu þig á
365.is

SKRÁÐU ÞIG Í VILD

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptaþjónustu 365 fá sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

	10% AFSLÁTTUR á Smurstöðinni		15% AFSLÁTTUR á Lebowski Bar
	50% AFSLÁTTUR		50% AFSLÁTTUR
	40% AFSLÁTTUR		40% AFSLÁTTUR
	40% AFSLÁTTUR		30% AFSLÁTTUR
	25% AFSLÁTTUR		20% AFSLÁTTUR
	20% AFSLÁTTUR		20% AFSLÁTTUR
	15% AFSLÁTTUR		15% AFSLÁTTUR
	15% AFSLÁTTUR		15% AFSLÁTTUR
	15% AFSLÁTTUR		15% AFSLÁTTUR
	12% AFSLÁTTUR		50.000 KR. AFSLÁTTUR
	GISTING Á BETRA VERÐI		FERÐIR Á BETRA VERÐI
	10% AFSLÁTTUR		10% AFSLÁTTUR
	10% AFSLÁTTUR		7 KR. AFSLÁTTUR
	7 KR. AFSLÁTTUR	Vild	

Engir punktar, engin aukakort og ekkert vesen

LAUGARÁS BÍÓ

miði.is Miðasala og nánnari upplýsingar

Coca-Cola LAUGARÁS BÍÓ

SÝND Í 4K! 12



POWERSÝNING
KL. 11

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar	
SPECTRE	6, 8, 9, 11 (P)
JEM AND THE HOLOGRAMS	5:30
CRIMSON PEAK	10:30
SICARIO	8

SAMBÍÓIÐ NÁÐU Í SAMBÍÓ APPID ÞAÐ MARGGÖRÐAR SIG




PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

ÁLFABAKKA	EGILSHÖLL
SCOUTS GUIDE KL. 5:50 - 8 - 10:10	SPECTRE KL. 6 - 7:30 - 9:15 - 10:35
SCOUTS GUIDE VIP KL. 5:50 - 8 - 10:10	SCOUTS GUIDE KL. 5:50 - 8 - 10:10
THE LAST WITCH HUNTER KL. 8 - 10:20	THE LAST WITCH HUNTER KL. 8 - 10:20
PAN is.TV. 2D KL. 5:30	PAN is.TV. 2D KL. 5:30
PAN is.TV. 3D KL. 5:30	NUMERUD SÆTI
LEGEND KL. 10:30	SPECTRE KL. 5:20 - 6:50 - 8:30 - 10
BLACK MASS KL. 8	THE LAST WITCH HUNTER KL. 10:30
EVEREST 2D KL. 5:30 - 8 - 10:30	PAN is.TV. 2D KL. 5:30
KEFLAVÍK	THE INTERN KL. 8
SPECTRE KL. 5:30 - 8:40 - 10:10	AKUREYRI
SCOUTS GUIDE KL. 8	SCOUTS GUIDE KL. 8 - 10:10
JEM AND THE HOLOGRAMS KL. 5:30	JEM AND THE HOLOGRAMS KL. 5:30 - 8
	THE LAST WITCH HUNTER KL. 10:30
	PAN is.TV. 3D KL. 5:30


PRÍÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



PRÍÐJUDAGSTILBOÐ

★★★★★ - DAILY MIRROR
★★★★★ - TELEGRAPH
★★★★★ - GUARDIAN
★★★★★ - THE TIMES




BURKE KL. 12



DHEEPAN KL. 12



KLOVN KL. 14



SPECTRE KL. 12

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

10. NÓVEMBER 2015

Fyrirlestrar

Hvað? Hvers vegna vildu konur kosningarétt?
Hvenær? 12.00
Hvar? Þjóðminjasafnið
Í fyrirlestrinum rekur Auður Styrkásdóttir baráttu íslenskra kvenna fyrir kosningarétti og setur baráttuna í alþjóðlegt samhengi og fjallar almennt um þróun kosningaréttar. Einnig mun Auður varpa ljósi á hvernig baráttan var ekki einungis jafnréttisbarátta heldur snerist um von um betri framtíð. Allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

Hvað? Karlur í blíðu og stríðu: Karlmennska í íslenskum miðaldabókmenntum
Hvenær? 17.15
Hvar? Félagsmiðstöðin, Hæðargarði 31 Ásdís Egilsdóttir prófessor fjallar

Finnið og sjáið að Drottinn er góður, sæll er sá maður sem leitar hælís hjá honum...

www.versdagsins.is

um karlmennsku í íslenskum miðaldabókmenntum á viðburði á vegum U3A. Rannsóknir á þessu efni hófust fyrir alvöru fyrir rúmum tuttugu árum og eru afsprenni fémínískra rannsókna. Fjallað verður um sögur af kolbitum, drengjum sem eiga erfitt með að standa undir væntingum samfélagsins.

Hvað? Er nokkuð mennskara en röddin?
Hvenær? 17.00
Hvar? Verkmennaskólinn á Akureyri
Söngkonan Þórhildur Órvarsdóttir flytur fyrirlesturinn Er nokkuð mennskara en röddin? í stofu M01 í VMA. Þar mun hún fjalla um feril sinn í erlendra kvikmyndatónlist og segja frá verkum sínum í máli, hljóðum og myndum. Einnig mun Þórhildur fjalla um vinnuaðferðir og lýsa ferlinu frá undirbúningi tónlistar að fullgerðri bíómynd. Að lokum útskýrir hún notkun mannsraddarinnar í kvikmyndum. Fyrirlesturinn er sjöundi Þriðjudagsfyrirlestur vetrarins en fyrirlestraröðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Verkmennaskólans á Akureyri, Háskólans á Akureyri og Myndlistaskólans á Akureyri.

Tónlist

Hvað? Kúnstþása – Móðir kona meylla
Hvenær? 12.15



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hvar? Norðurljós, Hörpu Sópriansöngkonan Lilja Guðmundsdóttir flytur sönglög og ariur til heiðurs konum. Á piano leikur Antonia Hevesi. Tónleikarnir eru um það bil þrjátíu mínútur að lengd og er miðaverð 1.500 krónur.

Hvað? Kveðjusöngur farfuglanna
Hvenær? 20.00
Hvar? Hannesarholt
Þær Hallveig Rúnarsdóttir sópran, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir mezzosópran og pianóleikarinn Hrönn Þráinsdóttir flytja dúetta og sönglög eftir Mendelssohn, Schumann og Brahms í Hannesarholti í kvöld. Miðaverð er 2.000 krónur.

Hvað? Styrktartónleikar Ástusjóðs
Hvenær? 20.00
Hvar? Norðurljós, Harpa
Ástusjóður eflir nýjungar og nýsköpun björgunarsveitanna í því skyni að auðvelda leit þar sem aðstæður eru erfiðar. Sjóðurinn var stofnaður 25. júlí 2014 í minningu Ástu Stefánsdóttur lögfræðings sem lést af slysförum sumarið 2014. Meðal þeirra sem koma fram í kvöld eru Aurora og Vox feminae, kammerhópurinn Elektra Ensemble, Samúel Jón Samúelsson big band, Tómas Einarsson og Sigríður Thorlacius auk Valdimars og Ásgeirs úr hljómsveitinni Valdimar. Miðaverð er 3.900 krónur.

Hvað? Skúli mennski og Kyle Woolard
Hvenær? 20.00
Hvar? Orgelsmiðja Björgvins Tómassonar, Stokkseyri
Skúli mennski og Kyle Woolard halda í litla tónleikaferð um landið og hefja leika í Orgelsmiðjunni. Dúettinn Unijon hefur kvöldið. Frítt inn en frjáls framlög vel þegin.

Hvað? Jack Magnet Quintet á Kexi
Hvenær? 20.30
Hvar? Kexi hostel
Jack Magnet Quintet spilar á djasskvöldi Kexi hostels. Hljómsveitina skipa, auk hljómsveitarstjórans og hljómborðsleikarans Jakobs Frimanns Magnússonar, saxó-



Stuttmyndin Aleinn? verður frumsýnd í Bió Paradís í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fónleikarinn Steinar Sigurðarson, gítarleikarinn Hjörtur Stephensen, bassaleikarinn Andri Ólafsson, trommuleikarinn Þorvaldur Þór Þorvaldsson og Arnar Ingi Richardsson sem leikur á slagverk og syngur. Sveitin leikur rafmagnaða, fönkaða og djassskotna tónlist. Á efnisskránni er nýtt og eldra efni í bland. Aðgangur er ókeypis.

Uppákomur

Hvað? Norræna bókasafnavikan
Hvenær? 17.00
Hvar? Bókasafn Hafnarfjarðar
Norræna bókasafnavikan verður haldin hátíðleg í bókasafni Hafnarfjarðar í dag. Boðið verður upp á heimabakaðar vöflur, lesnir kaflar úr bókinni Vöfluhjarta eftir Mariu Parr og vinabandagerð á barnadeild. Allir velkomnir.

Hvað? Ungleikur
Hvenær? 20.00
Hvar? Nýja sviðið, Borgarleikhúsinu
Í Ungleik er skáldum framtíðarinnar gefinn kostur á því að rækta hæfileika sína, vinna í skipulögðu umhverfi og sjá verk sín á sviði. Guðmundur Felixson hefur verið leikskáldur og leikstjóri innar handar við að láta hugmyndir verða að veruleika. Viðburðurinn er hluti af listahátíðinni Unglist. Aðgangur er ókeypis.

Námskeið

Hvað? Konfektnámskeið Hagkaups
Hvenær? 18.00

Hvar? Hagkaup, Holtagörðum
Á námskeiðinu verður farið í alla grunnþætti konfektgerðar og þátttökendur búa til sína eigin mola og taka með sér heim. Allt hráefni er innifalið í námskeiðsgjaldi sem er 4.990 krónur.

Fundur

Hvað? Vinsamleg borg fyrir börn og unglinga
Hvenær? 20.00
Hvar? Kjarvalsstaðir
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir fundaröð ásamt Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs, þar sem glímt verður við spurninguna Hvernig má skipuleggja borg fyrir börn og unglinga? Auk Hjálmarars taka þau Halldóra Hrólfssdóttir skipulagsfræðingur, Dagný Bjarnadóttir landslagsarkitekt og Trausti Jónsson tómsunda- og félagsmálafræðingur til máls. Fundurinn er ætlaður fyrir fag- og áhugafolk um gott skipulag og vinsamlega borg. Allir velkomnir.

Kvikmyndir

Hvað? Aleinn?
Hvenær? 17.15
Hvar? Bió Paradís
Ísak Hinriksson frumsýnir stuttmyndina Aleinn? Meðal leikara í myndinni eru þau Theodór Júlíusson, Björn Jörundur Friðbjörnsson og Esther Talía Casey. Aðgangur ókeypis og boðið upp á léttar veitingar að sýningu lokinni.



BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

Macbeth IS SUB. 17:45	Sparrows / Þrestir ENG SUB ... 20:00
Stúlkurnar á Kleppi. 18:00	Virgin mountain ENG SUB 20:00
Rams/Hrútar ENG SUB. 18:00	Glænýja testamentið IS SUB .. 22:00
Degrees north..... 20:00	Love 3d..... 22:15



NOTHING CAN PREPARE YOU FOR THE END

THE HUNGER GAMES:
MOCKINGJAY
PART 2

FORSALA HAFIN Á *midi.is* OG  Miðil

FRUMSÝND 20. NÓVEMBER

Coca-Cola

 **Domino's**

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2
08.05 The Middle
08.30 Junior Masterchef Australia
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 The Doctors
10.20 The Night Shift
11.05 Lying Game
11.50 Suits
12.35 Nágrannar
13.00 American Idol
14.25 Mr. Selfridge
15.10 Veep
15.40 Rosie O'Donnell. A Heartfelt Stand Up
16.35 The Amazing Race
17.20 Bold and the Beautiful
17.40 Nágrannar
18.05 Simpson-fjölskyldan
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.55 Ísland í dag
19.25 Lóa Pind. Örir íslendingar
20.10 The Big Bang Theory
20.40 Empire
21.25 Public Morals
22.10 Legends Önnur þáttaröðin af þessum spennandi þáttum sem byggðir eru á sögu eftir spennu-sagnameistarann Robert Littell. Sean Bean leikur Martin Odum, sem starfar fyrir bandarísku alríkislögregluna FBI.
22.55 Last Week Tonight with John Oliver Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar á sinn einstaka hátt en hann er þekktur fyrir hárbeyttan og beinskeyttan húmor eins og glöggir áhorfendur muna úr þáttunum Daily Show.
23.25 Covert Affairs
00.10 Blindspot
00.55 Bones 10
01.40 Mistresses
02.25 Backstrom
03.10 Apollo 18
04.35 Barnatími Stöðvar 2

SPORT

09:40 Sampdoria - Fiorentina
11:20 Celtic - Molde
13:00 MotoGP 2015 - Valencia
14:05 Barcelona - Villarreal
15:45 Barcelona - BATE
17:25 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
17:50 Roma - Lazio
19:30 Ítölsku mörkin 2015/2016
19:50 Sacramento - Houston
21:40 Spænsku mörkin 2015/2016
22:10 Chelsea - Dynamo Kiev
23:50 UFC Now 2015
00:35 Ítölsku mörkin 2015/2016

SPORT 2

07:00 Messan
08:15 Messan
11:35 Messan
12:50 Sunderland - Southampton
14:30 West Ham - Everton
16:10 Football League Show 2015/16
16:40 Stoke - Chelsea
18:20 Arsenal - Tottenham
20:00 Premier League Review 2015
20:55 Bournemouth - Newcastle
22:35 Messan
23:50 Man. Utd. - WBA

GOLFSTÖÐIN

08.05 Champions Tour Highlights
09.00 PGA Tour 2015 - Highlights
09.55 World Golf Championship 2015
12.10 Inside the PGA Tour 2015
12.35 HSBC Champions
17.35 Golfing World 2015
18.25 PGA Tour 2015 - Highlights
19.20 Golfing World 2015
20.10 Presidents Cup 2015
22.15 Presidents Cup 2015 Highlights
23.10 Golfing World 2015

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin



LOKAPÁTTUR

19:25

LÓA PIND: ÖRIR ÍSLENDINGAR

Hvað gerir fullorðin fólk sem greinist með ADHD? Tekur bara pillu og einkennin hverfa? Lóa Pind fylgdist í tæplega ár með fjórum sjarmerandi sveimhugum sem tækla tilveruna með ADHD. Í þessum þætti fer allur hópurinn í heilarannsókn og staðan er tekin á áhrifum lyfja og hvernig gengur í hinu daglega lífi hjá hópnum.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR

Fáðu þér áskrift á 365.is

365

20:10

THE BIG BANG THEORY

Leonard og Sheldon eru afburðasnjallir eðlisfræðingar en þeir hæfileikar nýtast þeim þó ekki í samskiptum við hitt kynið.



20:40

EMPIRE

Önnur þáttaröðin um tónlistar-mógúlinn Lucious Lyon og fjölskyldu hans sem lifir og hrærist í tónlistarbransanum þar sem samkeppnin er afar hörð.



21:25

PUBLIC MORALS

Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknar-lögreglumanna í sérstakri síðadeild sem fara stundum vafasamar leiðir.



22:00

THE MONUMENTS MEN

Mögnuð mynd frá 2014 með Matt Damon, George Clooney og Cate Blanchett í aðalhlutverkum.



21:30

KLOVN

Óborganlegir gamanþættir með þeim félögum Casper Christensen og Frank Havn. Þættirnir eru sýndir frá mánudegi til fimmtudags á Gullinu klukkan 21.30.



19:00

STÚART LITLI

Stórskemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna um Stúart litla sem Little-fjölskyldan tekur í fóstur.



Þú átt möguleika
- ef þú átt miða!

MILLJÓNIR

Á EINN MIÐA Í MILLJÓNAVELTUNNI!



PIPARTBWA • SÍA • 152286



Stóri
dagurinn

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma
563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.
Miðaverð er aðeins 1.300 kr.
Einn miði gildir í heila 3 leiki í sama útdrætti.



HAPDRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vænlegast til vinnings

Vel heppnuð Airwaves-hátíð gerð upp

Fréttablaðið var á staðnum þegar nokkur af stærstu nöfnunum á Iceland Airwaves stigu á svið.

Skepta & Jme

Listasafn Reykjavíkur

Föstudag, kl. 24.00

★★★★★

Þröngur salur og þak sem lak, já aðstæðurnar í Listasafni Reykjavíkur á föstudagskvöld voru fullkomnar fyrir Grime-tónleika. Margir höfðu beðið spennir eftir því að bræðurnir Skepta og Jme stigu á svið á Iceland Airwaves. Skepta, sem er einn þekktasti sonur Grime-senunnar, var eitt af stærstu nöfnum hátíðarinnar. Litli bróðir hans, Jme, hefur verið á hraðri uppleið og komst platan hans Integrity í tólfta sæti yfir mest seldu plötur Bretlandseyja í sumar.

Í stutti máli má segja að bræðurnir hafi komist mjög vel frá tónleikunum. Þeir héldu áhorfendum vel á tånunum allan tímann, í góða klukkustund, þrátt fyrir að greinilegt væri að viðstaddir þekktu ekki öll lögin þeirra. En þeir voru duglegir að fá áhorfendur með sér og þar var Jme mun líflegri, á meðan Skepta hélt sig aðeins til hlés.

Rappsenan í Bretlandi er í miklum blóma og er ákaflega ólík því sem gerist í Bandaríkjunum. Tónlistin er harðari og poppáhrifin eru talsvert minni. Og það mátti berlega sjá í Listasafninu á föstudagskvöld. Bræðurnir lögðu mikið upp úr því að sýna tækni þegar það kom að rappi, með því að rappa lengi í einu á miklum hraða og leika sér með atkvæðin.

Allt ætlaði um koll að keyra þegar þeir tóku sín þekktustu lög. Að mati undirritaðs er lagið Man Don't Care, sem Jme gerði með goðsögninni Giggs, eitt af lögum ársins í rapptónlist. Áhorfendur tóku vel í lagið, en skömmu áður hafði Jme beðið ljósamenn um að dempa ljósin allverulega. Drungalegur takturinn rímaði því vel við aðstæður. Þegar Skepta tók lagið Shut Down varð allt vitlaust.

Lagið gerir einnig tilkall til þess að vera eitt af lögum ársins í rappinu. Bæði lögin eru með vel á annan tug milljóna spilana á YouTube og Spotify, sem sýnir að Grime-senann vekur sífellt meiri athygli.

Það er alltaf gaman að sjá tónlistarmenn á sviði hér á landi, sem eru heitir í augnablikinu. Og það var upplifun undirritaðs á föstudagskvöldið. Tónleikarnir voru samt langt frá því að vera fullkomnir. Þarna voru tveir rapparar, plötusnúður og einn vinur þeirra sem tók nokkur lög. Tónlistarmennirnir buðu ekki upp á neitt aukalega, þrátt fyrir að Jme hafi verið duglegur að gefa af sér. Tónleikarnir voru finir, lögin þeirra eru frábær og flestir virtust ganga út sáttnir, yfir nokkuð blautt og skítugt gólf í Listasafninu. **Kjartan Atli Kjartansson**



Skepta er ein af helstu stjörnum Grime-senunnar og breskrar hiphop-tónlistar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Fræðslunefnd Náttúruvæðingafélags Íslands efnir til málþings á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, þingsal 1 þriðjudaginn 10. nóvember 2015 kl. 20:00

Þarmar með sjarma!

Hollt mataræði – betri melting – heilbrigðir þarmar

- eru þarmar með sjarma?
- Er fæði frummansins betra fyrir þarmana?
- eru þarmar matvandir?
- Byrjar og endar heilsa okkar í þörmunum?
- eru tengsl milli þarma og ADHD?
- Hefur sykurneysla áhrif á þarma?

Frummaðurinn og nútíminn

Haraldur Erlendsson geðlæknir og forstjóri Heilsustofnunar NLFÍ.

Þarmar með sjarma

Rakel Fleckenstein Björnsdóttir þýðandi.

Þarmaflóran – okkar eigin hönnun

Birna G. Ásbjörnsdóttir MSc í næringarlæknisfræði og MSc-nemi í gagnreyndum heilbrigðisvísindum.

Pallborðsumræður að loknum erindum



Margrét Grímsdóttir



Haraldur Erlendsson

Fundarstjóri er Margrét Grímsdóttir framkvæmdastjóri hjúkrunar á Heilsustofnun NLFÍ.



Rakel F. Björnsdóttir



Birna G. Ásbjörnsdóttir

Allir velkomnir.
Aðgangseyrir 2.000 kr.
Frítt fyrir félagsmenn.



Berum ábyrgð á eigin heilsu

Í KVÖLD



Mikil stemning var á Iceland Airwaves-hátíðinni sem lauk á sunnudagskvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINÓ

Beach House

Harpa Silfurberg

Laugardag kl. 22.10

★★★★★

Bandaríska draumpoppsveitin Beach House var vafalaust eitt af stærstu nöfnum Iceland Airwaves í ár. Þetta var í annað skiptið sem sveitin kom fram á hátíðinni en það gerði hún einnig árið 2011 skömmu áður en platan Bloom kom út. Í ár gaf sveitin út plötuna Depression Cherry sem hefur fengið mjög góðar viðtökur og því ljóst að margir voru spennir fyrir því sem koma skyldi.

Tónleikarnir gengu brösuglega framan af. Eitthvað hafði misfarist þegar verið var að koma græjunum fyrir og alltof mikill tími hljómsveitarmeðlima fór í að biðja hljóðmann um að hækka í þessu og lækka í öðru. Í ofanálag var „feedback“ einkennandi fyrir tónleikana auk þess að í laginu Sparks dattu mánitorarnir út svo telja þurfti í það upp á nýtt.

Það verður ekki tekið af Victoriu og Alex að þegar hlutirnir gengu upp þá gengu þeir fullkomlega upp. Það var hins vegar of sjaldan.

Jóhann Óli Eiðsson

East India Youth

Nasa

Laugardag, kl. 23.50

★★★★★

East India Youth er listamansnafn hins breska Williams Doyle. Upphaflega átti hann að koma fram á Iceland Airwaves í fyrra en honum láðist að fá vegabréfsáritun í tíma og þurfti því að hætta við á síðustu stundu. Því kom hann í ár og hafði í millitíðinni gefið út aðra plötu sem þykir hin ágætasta en þó lakari en frumburðurinn, Total Strife Forever.

Sviðsframkoma einsmannshljómsveitar Doyles var næsta dýrsleg. Frá fyrstu mínútu gaf hann sig allan í verkið með tilheyrandi grettum og svitamyndun. Það eru engar ýkjur að undir lokin mátti sjá svita kastast af hljómborði hans þegar hann barði það af áfergu.

Í hverju einasta lagi virtist Doyle gleyma stað og stund og fara í óútskýranlegan ham en ranka við sér milli laga til þess eins að tynast á ný í næsta lagi. Það var ekki annað mögulegt en að hrifast með.

Jóhann Óli Eiðsson

TÓNLEIKUR KYNNIR:
EIN VINSÆLASTA HLJÓMSVEIT BRETLANDS FRÁ UPPHAFI:



SIMPLY RED

SUMAR 2016

LAUGARDALSHÖLL 31. MAÍ



FRÁBÆR
JÓLAGJÖF

ÖLL VINSÆLUSTU LÖGIN:
HOLDING BACK THE YEARS
SOMETHING GOT ME STARTED
STARS
FOR YOUR BABIES
IF YOU DON'T KNOW ME BY NOW
MONEY'S TOO TIGHT TO MENTION
FAIRGROUND
OG FLEIRI OG FLEIRI

MIÐASALA ER HAFIN Á midi.is

„Þessi bók er veisla“

Vigdís Grímsdóttir



sögur
ÚTGAFA

Heiður að fá birtar ljósmyndir í Elle

Ljósmyndarinn **Kári Sverriss** myndaði fyrir króatíska og víetnamska Elle. Breska Vogue hefur nú lýst yfir áhuga á myndabætti eftir hann.

Ljósmyndarinn Kári Sverriss hefur átt góðu gengi að fagna undanfarid. En hann myndaði nýverið myndabætti fyrir tímaritið Elle, víetnamsku útgáfuna og þá króatísku, og einnig hefur breska útgáfa tískutímaritsins Vouge lýst yfir áhuga á að fá hann til þess að skjóta fyrir sig myndabætt.

Spennandi fyrirsæta

„Ég hef nýlega gert tvo myndabætti fyrir Elle. Í öðrum þeirra vann ég með stelpu sem var í topp sextán yfir vinsælustu fyrirsætunum fyrir Spring/Summer 2016 sem var valið af Models.com. Hún var kosin bæði síðasta season og þetta season sem svona líklegust til að ná mjög langt. Hún er búin að gera mörg Vogue-blöð og hefur gengið fyrir meðal annars Chanel og Burberry.“ Fyrirsætan sem um ræðir er hin kínverska Luping Wang sem á tiskuvíkunni í París gekk pallana fyrir merki á borð við Stella McCartney og Hermès auk Chanel. Einnig hefur hún verið í myndaböttum fyrir kínverskar útgáfur tímaritana Harper's Bazaar, Cosmopolitan, Vouge og ítalska Glamour.

Kári var því spenntur fyrir verkefninu þegar kom í ljós hvaða fyrirsætu hann ætti að mynda. „Ég var beðinn um þetta á mánudegi og þurfti að fljúga strax frá Þýskalandi og yfir til London. Hún var látin fljúga inn frá París sama dag og við skutum þáttinn,“ segir hann.

Heiður að fá myndir í Elle

Nú í nóvember kemur tískubáttur eftir Kára í króatíska Elle, þann þátt tók Kári í Þýskalandi. Hann segir það vissulega vera heiður að fá myndir birtar í stærðar-
g r á ð u
á borð
við Elle.
„Elle er
n á t t -
ú r u -
l e g a
s t ó r
samsteypa
um allan
heim og
mynd-
irn-

ÉG VAR
BEÐINN UM
ÞETTA Á
MÁNUDEGI
OG ÞURFTI
AÐ FLJÚGA
STRAX FRÁ
ÞÝSKA-
LANDI OG
YFIR TIL
LONDON.
HÚN VAR
LÁTIN
FLJÚGA INN
FRÁ PARÍS
SAMA DAG
OG VIÐ
SKUTUM
ÞÁTTINN.

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson svanur@365.is ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigríður Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is FÖLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Ein af myndunum sem Kári tók af fyrirsætunni Luping Wang fyrir víetnamska Elle.
MYND/KÁRISVERRISS

ar fara í alþjóðlegan myndabanka. Að fá myndir birtar í svona tímariti er heiður myndi ég segja,“ segir Kári. „Þetta kom þannig til að stílisti sem ég kannast við og er búsettur í London hafði samband við mig. Þá voru þeir búnir að skoða myndir eftir mig og leist eitthvað vel á þær. Elle var þá líka búin að skoða heimasíðuna mína og þau vildu endilega fá mig í þetta verkefni.“

Þetta var mjög gaman. Mér fannst þetta sérstaklega skemmtilegt af því mér fannst stelpa svo áhugaverð. Það lá við að mér þætti meira spennandi að vinna með henni en að þetta væri Elle,“ segir hann glaður í bragði og heldur áfram: „Það er svona eitt og eitt stórt blað sem myndir eftir mig eru búnar að birtast í en það er ekki á hverjum degi sem maður vinnur með svona toppstelpu sem er búin að gera allt það stærsta.“

Breska Vogue sýndi áhuga

Kári útskrifaðist með meistaraáráði í tiskuljósmyndun frá London College of Fashion í desember síðastliðnum og hefur síðan þá haft nóg að gera. Á dögnum hafði breska Vouge samband við hann og lýsti yfir áhuga á að fá hann til að vinna tiskumyndabætt fyrir sig. Kári segir það þó allt vera í startholunum ennþá en því er ekki að neita að um spennandi verkefni er

að ræða fyrir nýútskrifaðan ljósmyndara.

Áhuginn á ljósmyndun kviknaði þegar Kári starfaði fyrir fyrirtækið NTC. „Ég var þar í alls konar verkefnum. Sem verslunarstjóri, í gluggaútsstillingum, að taka myndir fyrir þau og í innkaupum. Út frá því kviknaði áhuginn á tisku,“ segir hann og bætir við að við þá hafi heimur tiskunnar að einhverju leyti opnast fyrir honum. „Ég keypti mér mína fyrstu myndavél þegar ég var að vinna þar, það var árið 2005 og ég er búinn að vera að fíkta síðan.“

Samningur við Birgit Stöver

Kári er búsettur í Þýskalandi þar sem hann segir nóg um að vera fyrir ljósmyndara og er hann nýkominn á samning hjá þýskri umboðskrifstofu fyrir ljósmyndara. Umboðsskrifstofan heitir Birgit Stöver og hefur í raun svipað hlutverk og umboðsskrifstofur fyrirsætta en skrifstofan setti sig sjálf í samband við Kára sem hann segir vissulega gaman þar sem hún sé ein af þeim bestu í landinu. „Þetta er umboðsskrifstofa sem tekur ekki marga ljósmyndara inn og er mjög vel þekkt hérna í Þýskalandi.“

Kári vinnur þó enn talsvert heima á Íslandi og sækir landið reglulega heim þó stefnan sé sett á að dvelja í Þýskalandi lengur, en hann kom til landsins til að vinna nokkra ljósmyndabætti og kynntist í kjölfarið fólki úr sama geira. „Ég komst fljótt inn í bransann hérna og verkefni er um mjög góð. Það er fullt af flottum editorial-verkefnum hérna sem eru kannski miklu meira spennandi en fólk gerir sér grein fyrir,“ segir hann og bætir við að fólk geri kannski stundum ráð fyrir að bitastæðustu verkefni séu í London og París. „Það er fullt af flottu efni að koma heðan,“ segir hann að lokum. gydaloo@frettabladid.is

STÓRSKEMMTILEGT

LÍFIÐ

drullumall
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
SÝNT Í TJARNARBÍÓ



Gríman 2015

Barnasýning ársins
Sproti ársins

LÍFIÐ HELDUR ÁFRAM Í OKTÓBER!

Aðeins örfáar sýningar:



- DV




- S.J. Fréttablaðið

Sun. 1. nóv. kl. 13.00
Sun. 15. nóv. kl. 13.00
Sun. 22. nóv. kl. 13.00

Í UPPSETNINGU LEIKHÚSSINS 10 FINGUR SEM SLÓ Í GEGN MEÐ LEIKRITÍÐ
SKRÍMSLIÐ LITLA SYSTIR MÍN
LEIKARAR SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR OG SVEINN ÓLAFUR GUNNARSSON
LISTRÆNIR STJÓRNENDUR CHARLOTTE BØVING OG HELGA ARNALDS

MÍÐASALA Á MIDT.IS OG Í TJARNARBÍÓ



≠ *Þriðjudags* ≠
TILBOÐ

— **DOMINO'S** —

1000 KR.

Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.



VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!

ITALÍA: Ferskur mozzarella, kirsuberjatómatar og basilpestó

WWW.DOMINOS.IS [DOMINO'S APP](#) [SÍMI 58 12345](tel:5812345)

